

SUNDSAMBAND ÍSLANDS

**ÞINGGERÐ
59. SUNDPINGS**

2011

59. þing Sundssambands Íslands

Haldið í sal KSÍ í Laugardal og að Efstaleiti 7 í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011

Þinggerð

Dagskrá Sundþings 2011

Föstudagur

Staðsetning: KSÍ Stúka

kl. 16:00 Skráning þingfulltrúa hefst. Þingsetning kl. 17:00.

1. Þingsetning
2. Kjör kjörbréfanefndar
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar (17:00-17:05)
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ (17:05-17:10)
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt (17:10-17:15)
6. Kosning starfsnefnda þingsins (17:15-17:20)
7. Skýrsla stjórnar (17:20-17:40)
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga
10. Afgreiðsla reikninga (17:40-17:50)
11. Tillögur kynntar og vísað til nefnda (17:50-18:10)
12. Tillaga stjórnar um þjónustugjöld (18:10-18:15)

Kl. 18:15 Þingið opnað heiðursgestum, ávörp og heiðursmerki afhent.

- | | |
|------------------------------------|---------------|
| Ávörp, formaður SSÍ og forseti ÍSÍ | (18:15-18:30) |
| Útnefning Heiðursfélaga SSÍ | (18:35-18:45) |
| Útnefning Gullmerkishafa SSÍ | (18:45-19:00) |
| Útnefning Silfurmerkishafa SSÍ | (19:00-19:20) |
| Afhending Drangeyjarbikarsins | (19:20-19:30) |

Í kjölfarið verður boðið upp á léttar veitingar í mat og drykk

Laugardagur

Staðsetning: Húsakynni SÁÁ, Efstaleiti 7

kl. 08:30 – 09:00 Morgunhressing

13. Nefndastörf (09:00 – 11:30)

kl. 11:30 - 12:30 Frágangur tillagna eftir nefndastörf og léttur hádegisverður.

14. Fjárhagsáætlun - afgreiðsla (12:30 – 13:00)
15. Kosningar (13:00 – 13:30)
16. Afgreiðsla breytingatillagna (13:30 – 14:00)
17. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum (14:00 – 15:00)
18. Önnur mál (15:00 – 15:50)
19. Þingslit (15:50 – 16:00)

Föstudagur 25. febrúar 2011

Setning þingsins

Formaður SSÍ Hörður J. Oddfríðarson setti 59. Sundþing 2011en kvaðst myndu flytja formlegt ávarp síðar við fyrirhugaða athöfn til heiðurs þeim fjölmörgu einstaklinga sem stutt hafa við starfsemi sundsambandsins í árunna rás.

Kosning kjörbréfanefndar

Formaður SSÍ gerði tillögu um:

Hauk Magnússon, Hlín Ástþórsdóttur og Bjarney Snævarsdóttur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Kjörnir þingforsetar og þingritarar

Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ gerði tillögu um Guðmund Jón Bjarnason, formann Sundráðs ÍRB og Benedikt Sigurðarson, fyrrum formann SSÍ, sem þingforseta og var það samþykkt. Hann óskaði eftir framboðum í starf þingritara. Ásdís Ó. Vatnsdal gaf kost á sér til þessa starfa og var það samþykkt. Guðmundur Jón tók strax til starfa en Benedikt var þingforseti á laugardeginum

Þingforseti leitaði eftir því hvort nokkur gerði athugasemd við boðun þingsins. Enginn gerði athugasemd og þingforseti gerði þá ráð fyrir því að allir þingfulltrúar væru samþykkir því hvernig að þingboðun var staðið og lýsti þingið lögmætt. Þá hófst dagskrá í samræmi við lög SSÍ og áður útsend gögn.

Tilnefning til heiðursviðurkenninga SSÍ

Hörður J. Oddfríðason mælti fyrir þingskjali nr. 2011-04 um heiðursviðurkenningar í tilefni af 60 ára afmæli Sundsambands Íslands. Viðurkenningarnar verða veittar við sérstaka athöfn að loknum fyrsta hluta sundþings 2011.

59. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 28. febrúar 2011

Samþykkir að sæma eftirfarandi einstakling viðurkenningum SSÍ:

Ásamt listanum er hér einnig ræða formanns og greinargerðir sem komu fram við afhendingu viðurkenninga

Við tímamót eins og við stöndum nú á er gott að líta í kringum sig og skoða hverjir það eru sem eiga þakkir og heiður skilinn fyrir stöðu sundhreyfingarinnar.

Heiðursviðurkenningar SSÍ hafa verið notaðar mjög sparlega í gegnum árin, en bæði á 20 ára afmæli SSÍ og einnig á 50 ára afmælinu náðist að heiðra það íþróttafólk sem hafði tekið þátt í Ólympíuleikum eða að öðru leyti náð afburðaárangri í sundíþróttum. Svo eru auðvitað þeir sem hafa fyrst og fremst lagt af mörkum í umgjörð sambandsins í gegnum tíðina, einhverjir þeirra þó eftir velheppnaðan sundferil. Sumir hafa auðvitað þegar fengið viðurkenningu fyrir sín störf eins og gengur en þó er algengara að þessi þáttur starfsins gleymist í önnum dagsins. Því skal engan undra þó við getum með stolti og þakklæti sæmt einn einstakling Heiðursfélaganafnbót og gullmerki SSÍ, 14 einstaklinga gullmerki SSÍ og 28 einstaklinga silfurmerki sambandsins. Við undirbúning þessarar athafnar kom til greina að kalla til fleiri einstaklinga en hér verða taldir á eftir, en það liggur fyrir að stjórn SSÍ mun leitast við að fara rækilega yfir sögu sambandsins nú á afmælisári og ég geri ráð fyrir að á uppskeruhátíð SSÍ í haust munum við kalla til annan eins hóp og þennan sem hér er og heiðra einnig.

Aðeins einn heiðursfélagi SSÍ hefur verið útnefndur til þessa. Það var 19. maí 1962 í kjölfar 10 ára afmælis SSÍ að Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands var sæmdur þeirri nafnbót og jafnframt var hann sæmdur gullmerki SSÍ. Að tillögu stjórnar SSÍ hefur sundþing 2011 útnefnt annan heiðarsféлага SSÍ og verður hann jafnframt sæmdur gullmerki SSÍ.

Heiðursfélagi SSÍ og gullmerki SSÍ

- **Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands**

Ólafur Ragnar Grímsson er verndari íþróttahreyfingarinnar og hefur sýnt okkur í sundhreyfingunni mikla velvild og áhuga. Það hefur verið mjög styðjandi og gott að vita af honum þar sem hann hefur komið við á Smáþjóðaleikum og Ólympíuleikum okkur til hvatningar og stuðnings. Ólafur Ragnar tók upp merki forvera síns í embætti, Ásgeirs Ásgeirssonar, en Ásgeir var mjög tengdur SSÍ í upphafi. Ólafur Ragnar gaf forsetabikarinn sem er til minningar um Ásgeir, þegar svokallaður Pálsbikar rann sitt skeið 2008. Hann hefur ætíð gefið sér tíma til að koma til okkar þegar um hefur verið beðið og hann hefur haldið uppi merki sundíþróttar í störfum sínum gegnum árin. Hann er því vel að þessum heiðri kominn.

Gullmerki SSÍ

Stjórnmalafólk ræður miklu um aðstöðu okkar í sundhreyfingunni, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Þess vegna er það með mikilli ánægju að ég get kallað hér upp þrjá borgar- og bæjarstjóra sem öll eiga það sameiginlegt að hafa af hugrekki, fordómaleysi og framsýni bætt aðstöðu til sundíþróttar gífurlega eftir margra áratuga stöðnun. Fyrir það erum við í sundhreyfingunni þakklát.

- **Steinunn Valdís Óskarsdóttir fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík**

- **Árni Sigfússon bæjarstjóri í Reykjanesbæ**

- **Lúðvík Geirsson fyrrv. bæjarstjóri í Hafnarfirði**

Steinunn Valdís var borgarstjóri í Reykjavík þegar nýja Laugardalslaugin var opnuð og hafði verið formaður ÍTR þegar ákvörðun um laugin var tekin og bygging hennar hafin. Hún fylgdi málinu fast eftir og við í sundhreyfingunni áttum hunk í horni í Steinunni.

Árni Sigfússon er bæjarstjóri í Reykjanesbæ og stóð að ákvörðunum um byggingu Vatnaveraldar í bænum og fylgdi því máli eftir af harðfylgi. Árni hefur einnig staðið við bakið á sundhreyfingunni í Reykjanesbæ, sýnt starfinu áhuga og velvild.

Lúðvík Geirsson var bæjarstjóri í Hafnarfirði þegar ákvörðun um byggingu Ásvallalaugar var tekin og fram yfir þann tíma er laugin var tekin í notkun. Lúðvík stóð með sundhreyfingunni í þessu ferli og fylgdi byggingunni eftir á myndarlegan hátt. Lúðvík hefur líkt og þau Árni og Steinunn haft áhuga á framgangi sundíþróttar og lagt sig fram um að fylgjast vel með starfinu.

Öll hafa þau þurft að verja ákvarðanir sínar um laugarbyggingarnar og öll hafa þau lagt gott orð til sundíþróttar.

Við búum vel í íþróttamiðstöðinni í Laugardal þegar kemur að nágrönnum. Í næstu skrifstofu við okkur er Íþróttasamband fatlaðra til húsa en milli SSÍ og ÍF hefur skapast góð vinátta, samstarf og virðing. Þau hjá ÍF koma verulega inn á okkar svið því sund fatlaðra er stór hluti af starfssemi þeirra og þar er ekki slegið slöku við. Við höfum náð mjög góðri samlegð þegar kemur að dómgæslu og á síðasta þingi var reglum SSÍ breytt

þannig að auðveldara var fyrir fatlað sundfólk að taka þátt í mótum undir SSÍ. Þetta gerðist í framhaldi af glæsilegu Evrópumeistaramóti fatlaðra í sundi árið 2009. Það er því með mikilli ánægju að ég bið þá að ganga hér upp og þiggja gullmerki SSÍ.

- **Sveinn Áki Lúðvíksson**

- **Ólafur Magnússon**

Sveinn Áki er formaður ÍF og sem slíkur unnið að sundmálum af mikilli harðfyllni Ólafur er framkvæmdastjóri ÍF og saman hafa þeir unnið afburðastarf í þágu sundhreyfingarinnar og átt í góðu samstarfi við SSÍ.

- **Hrafnhildur Guðmundsdóttir**

Hrafnhildur kom fram á sjónarsviðið sem afrekskona í sundi aðeins 14 ára gömul með því að setja Íslandsmet í 100m bringusundi. Þetta var árið 1958. Hún hefur komið víða við í sundíþróttinni síðan þá og sett tugi Íslandsmeta í bringusundi, skriðsundi, flugsundi og fjörsundi á löngum sundferli. Hrafnhildur keppti á tvennum Ólympíuleikum í Róm 1964 og Mexico City árið 1968, auk þess að taka þátt í fjölmörgum alþjóðlegum sundmótum og landskeppnum. Eftir að keppnisferlinum lauk snéri hún sér að sundþjálfun með góðum árangri. Ber þar hæst árangur barna hennar fjögra þeirra Magnúsar Más, Bryndísar, Hugrúnar og Arnars Freys, sem hún þjálfaði. Öll settu þau fjölda Íslandsmeta og voru fastamenn í landsliðum Íslands í sundi. Magnús og Bryndís kepptu m.a á Ólympíuleikunum í Seol árið 1988. Hrafnhildur hefur unnið fyrir sundíþróttina á Íslandi af atorku, fórnfýsi og dugnaði öll þessi ár og er því vel að þessum heiðri komin.

- **Sturlaugur Sturlaugsson**

Sturlaugur hóf feril sinn sem sundmaður hjá Sundfélagi Akraness og varð seinna þjálfari félagsins. Þá var hann formaður Sundfélags Akraness á árunum 1983-1990 er styrkur félagsins var hvað mestur og miklar framfarir urðu, bæði í lauginni sem og í starfinu sjálfu. Hann er ötull baráttumaður fyrir bættri aðstöðu til sundiðkunar á Akranesi og átti sinn þátt í að sundlaugin á Jaðarsbökkum var byggð á sínum tíma og búin fullkomnum búnaði til mótahalds. Undanfarinn áratug hefur Sturlaugur verið formaður Íþróttabandalags Akraness og á þeim vettvangi hefur hann sýnt sundíþróttinni mikinn velvilja og unnið mikið starf við að tryggja Sundfélagi Akraness viðunandi aðstöðu til æfinga og keppni bæði í nútíð og framtíð.

- **Guðmunda Ólöf Jónasdóttir**

Guðmunda Ólöf, eða Mumma Lóa eins og allir í sundhreyfingunni þekkja hana, var á yngri árum sundmaður hjá Vestra á Ísafirði. Þegar Sundlaug Bolungavíkur opnaði 1977 hafði hún forgöngu um að stofna Sunddeild UMFB og sá ásamt öðrum um þjálfun sundmanna. Fljótlega tók stór hópur barna að æfa sund og var árangurinn góður, svo góður að innan 10 ára hafði Sunddeild UMFB m.a. sigrað stigakeppni AMÍ í tvígang, sundmenn félagsins voru handhafar Íslandsmeta í unglingsflokkum og landsliðmenn. Slíkur árangur næst ekki nema með mikilli vinnu eldhuga eins og Mummu Lóu sem með krafti, áræðni og jákvæðni dreif bæði sundmenn og foreldra með sér í ævintýri sem seint verður jafnað.

Mumma Lóa hefur einnig komið nokkuð að þjálfun fatlaðra sundmanna og syndir sjálf enn í Garpaflokki og er Íslandsmeistari og methafi í þeim flokki. Þá má einnig nefna að margir af fyrrum sundmönnum UMFB hafa starfað sem

sundþjálfarar og formenn sundfélaga í gegnum tíðina og í gegnum það starf haft áhrif á fjölda sundmanna um allt land og halda þannig áfram því starfi sem Guðmunda Ólöf Jónasdóttir hóf í Bolungarvík. Guðmunda hefur alla tíð hvatt áfram sundmenn, unga sem aldna.

- **Eðvarð Þór Eðvarðsson**

Eðvarð Þór Eðvarðsson á að öðrum ólöstum mestar þakkir skyldar fyrir uppgang sundíþróttarinnar í Reykjanesbæ. Eðvarð Þór var um skeið besti sundmaður Íslands og var kosinn Íþróttamaður ársins 1986 og keppti á Ólympíuleikum 1988.

Síðar hefur hann getið sér gott orð sem sundþjálfari og talsmaður sundíþróttarinnar. Eðvarð Þór gegnir starfi sínu sem þjálfari af hugsjón og elju, honum er einkar lagið að blanda saman metnaði, kappsemi og léttleika og er alltaf boðinn og búinn til að láta gott af sér leiða á vettvangi sundíþróttarinnar, fyrir ÍRB, fyrir önnur félög og fyrir SSÍ.

- **Ragnheiður Runólfsdóttir**

Ragnheiður keppti á tvennum Ólympíuleikum árin 1988 og 1992. Hún var virkur keppandi í sundi mjög lengi og var kjörinn íþróttamaður ársins 1991 þá önnur konan til að hljóta þann eftirsóttita titil. Hún stendur enn á bakkanum og fæst við sundþjálfun og bætir sjálf sundfólki í hópinn. Hún hefur á undanförunum árum sinnt verkefnastjórn í unglíngaverkefnum fyrir SSÍ.

- **Magnús Tryggvason**

Magnús hefur í tvígang verið formaður landsliðsnefndar SSÍ og haft mikla yfirsýn yfir sundlíf á Íslandi. Magnús sem var sundmaður sjálfur með ÍBV, var alla tíð mjög áhugasamur og hefur síðan lagt stund á sundþjálfun og hefur ítök í mörgum félögum. Þar sem hann kemur að einkennist starfið af metnaði og gleði og frá honum hefur komið afreksfólk á landsvísu enda hefur áhugi hans á sundíþróttinni ekki minnkað með árunum.

- **Guðfinnur Ólafsson**

Guðfinnur var formaður Sundsambands Ísland frá því í upphafi níunda áratugsins fram til 1996. Hann lyfti grettistaki ásamt stjórnarfólki sínu við að koma sambandinu upp úr þeim öldudal sem það var í á þeim tíma þegar hann kom til starfa þar. Guðfinnur átti sæti í Ólympíunefnd Íslands um nokkura ára skeið og var flokkstjóri Íslands á leikunum 1988. Guðfinnur synti á sínum tíma með sundfélaginu Ægi og var í hópi þess sundfólks sem endurreisti félagið. Guðfinnur hefur því skipt sköpum fyrir sundhreyfinguna í áratugi og komið víða við.

- **Sævar Stefánsson**

Sævar var formaður SSÍ á árunum 1996 – 1998 og sat í stjórn SSÍ þar á undan í amk þrjú ár sem meðstjórnandi og varaformaður. Hann var formaður SSÍ þegar Smáþjóðaleikarnir voru haldnir á Íslandi 1997 og þrátt fyrir kulda og vosbúð í útilauginni í Laugardal tókst sundhluti keppninnar mjög vel. Var það ekki síst Sævari að þakka. Hann var áður formaður SH en kom inn í sundstarfið í upphafi sem foreldri.

- **Sveinn Benónýsson**
Sat í stjórn SSÍ á árunum 1996 – 2000 og átti stóran hlut í uppbyggingu garpastarfs á Íslandi. Hann stóð á bakkanum á Hvammstanga leiddi uppbyggingu sundíþróttarinnar þar.

Silfurmerki SSÍ

28 einstaklingar verða sæmdir silfurmerki hér á eftir. Ég kys að flokka þennan frábæra hóp í eftirfarandi flokka: 1) Einstaklingar sem hafa farið sem fylgdarfólk á Ólympíuleika á vegum SSÍ. 2) Einstaklingar sem hafa setið í stjórn SSÍ og lagt af mörkum. 3) Einstaklingar sem eru á alþjóðlegum listum dómara og ræsa. 4) Einstaklingar sem hafa komið að starfi SSÍ á ýmsum tímum, mislengi, en eiga það sameiginlegt að SSÍ hefur munað mikið um framlag þeirra.

Þessir flokkar eru ekki settir fram í mikilvægiröð enda engin leið að setja þann mælikvarða á við þetta tækifæri. Það verður samt að segja eins og er að sundhreyfingin er ekki ólík öðrum hlutum íslensku þjóðarinnar, allir þeir sem hér eru taldir upp á eftir hafa komið að starfi á vegum sambandsins í mörgum hlutverkum í gegnum tíðina, sumir hafa verið áberandi, aðrir hafa verið minna áberandi en alls ekki minna mikilvægir fyrir okkur í gegnum tíðina.

Og þá er bara að byrja.

Einstaklingar sem farið hafa sem fylgdarfólk á Ólympíuleika á vegum SSÍ

- Anna Lára Ármannsdóttir sjúkraþjálfari
- Brian Marshall þjálfari
- Jacky Pellerin þjálfari
- Klaus Jürgen-Ohk þjálfari
- Ragnar Friðbjarnarson sjúkraþjálfari
- Steindór Gunnarsson þjálfari
- Þuríður Einarsdóttir þjálfari

Einstaklingar sem hafa setið í stjórn SSÍ

- Elsie Einarsdóttir
- Flemming Jessen
- Kristín Gústafsdóttir
- Lúther Sigurðsson
- Sigurvin Guðfinnsson
- Sólveig Baldursdóttir
- Sturlaugur Daðason
- Unnur Hreinsdóttir
- Þórunn Guðmundsdóttir

Einstaklingar sem eru á alþjóðlegum listum dómara

- E. Birna Björnsdóttir
- Gunnlaugur Þráinsson
- Gunnar Viðar Eiríksson
- Klemenž Sæmundsson
- Ólafur Baldursson

Einstaklingar sem hafa komið að störfum fyrir SSÍ á ýmsum tímum, mislengi í senn en alltaf hefur SSÍ munað um þeirra aðkomu.

- Dýrleif Skjöldal
- Tómas Torfason

- Ragna Ragnarsdóttir
- Kristinn Dulaney
- Kristján Möller
- Guðmundur Jón Bjarnason
- Trausti Finnsson

15 gullmerki og 28 silfurmerki

Drangeyjarbikarinn

Drangeyjarbikarinn er afhentur þeim sem hafa synt ákveðna leið frá Drangey í land. Bikarinn var gefinn ÍSÍ sem farandgripur og á að ganga milli þeirra sem synda Drangeyjarsund. Fram til ársins 2010 hafa þessir synt Drangeyjarsund.

Grettir Ásmundsson fyrir margt löngu

Axel Kvaran 1961

Kristinn Einarsson 1994

Kristinn Magnússon 1998 og 2002

Benedikt Hjartarson 2008

Þorgeir Sigurðsson 2009

Heiða Björk Jóhannsdóttir 2009

Þórdís Hrönn Pálsdóttir 2009

Heimir Örn Sveinsson 2009

Sarah-Jane Emily Caird 2009 (Grettissund)

Benedikt Lafleur 2009

Á árinu 2010 syntu þrír einstaklingar Drangeyjarsund og þau munu nú fá bikarinn afhentan en samkvæmt reglugerð bikarsins mun hann síðan varðveittur hjá ÍSÍ.

Þetta eru þau:

Sigurjón Þórðarson sem synti 14. ágúst á 2 klst og 5 mín

Sarah-Jane Emily Caird synti einnig 14. ágúst á 2 klst og 45 mín

Árni Þór Árnason synti 5. september á 2 klst og 42 mín

Það er Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ sem afhendir þeim bikarinn og viðurkenningarskjal

Tillagan samþykkt samhljóða.

Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt

Beðið var með að lýsa niðurstöðum kjörbréfanefndar þar til að loknum flutningi á skýrslu stjórnar

Kosning starfsnefnda þingsins

a) Fjárhagsnefnd:

Lagt er til að Kristín Pétursdóttir verði formaður nefndarinnar.
Samþykkt

b) Laga- og leikreglanefnd:

Lagt er til að Jón Hjaltason verði formaður nefndarinnar.
Samþykkt

c) Allsherjarnefnd:

Lagt er til Gústaf Adolf Hjaltason verði formaður nefndarinnar.
Samþykkt

d) Mótanefnd:

Lagt er til að Björn Valdimarsson verði formaður nefndarinnar.
Samþykkt

Aðrir þingfulltrúar velja sér nefndir eftir því sem þeirra áhugasvið liggur.

Samþykkt samhljóða



**ÁRSSKÝRSLA SSÍ
STARFSÁRIÐ 2010-2011
Yfirlit yfir nefndir og stjórnir SSÍ
Skýrsla stjórnar SSÍ
Skýrslur nefnda SSÍ**

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIÐ 2010-11	3
SUNDÞING 2010	3
<i>Pingforsetar</i>	3
<i>Pingritari</i>	3
<i>Kjörbréfanefnd</i>	3
<i>Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2010</i>	3
<i>Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga</i>	3
<i>Kjörin á sundþingi</i>	3
NEFNDAFÓLK SSÍ	4
SKIPÐ AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIÐ 2010-11	4
Dómara-, móta- og tækninefnd:	4
Fræðslu- og kynningarnefnd:	4
Aga- og síðanefnd:	4
Kjörnefnd	4
<i>Garpur</i>	4
<i>Dýfingar</i>	4
<i>Víðavatnssund</i>	4
<i>Sundknattleikur</i>	4
Landsliðsnefnd:	4
Mannvirkjanefnd:	4
Launaðir starfsmenn SSÍ 2010-11	4
SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIÐ 2010-11	5
INNGANGUR	5
60 ÁRA AFMÆLI SSÍ	6
STJÓRN SSÍ	6
SKRIFSTOFA SSÍ OG MÖNNUN ERLENDRA VERKEFNA	6
REKSTUR OG AFKOMA	6
LANDSLÍÐSSTARF	7
STEFNA SSÍ	8
SUNDÍÞRÓTTIR FYRIR ALLA	8
LÖG OG REGLUR	8
MÓTAHALD SSÍ	8
ERLENT SAMSTARF	9
FJÖLMÍDLAR OG SAMSKIPTI	9
AÐ LOKUM	10
DÓMARA-, MÓTA- OG TÆKNINEFND SSÍ 2010-11	11
SUNDÍÞRÓTTANEFND SSÍ 2010-11 GARPUR	11
SUNDÍÞRÓTTANEFND SSÍ 2010-11 VÍÐAVATNSSUND	12
SUNDÍÞRÓTTANEFND SSÍ 2010-11 DÝFINGAR	13
SUNDÍÞRÓTTANEFND SSÍ 2010-11 SUNDKNATTLEIKUR	13
LANDSLÍÐSNEFND 2010-11	13
AGA OG SÍÐANEFND SSÍ 2010-11	13
FRÆÐSLU- OG KYNNINGARNEFND SSÍ 2010-11	13
MANNVIRKJANEFND SSÍ 2010-11	13

ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIÐ 2010-11

58. þing SSÍ var haldið í Efstaleiti 7 Reykjavík
dagana 26. og 27. febrúar 2010

Sundþing 2010

Þingforsetar	Hafsteinn Pálsson og Jóhannes Benediktsson
Þingritari	Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal
Kjörbréfanefnd	Hlín Ástþórsdóttir Þröstur Valdimarsson Ingigerður Einarsdóttir

Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2010

89 fulltrúar frá 24 sambandsaðilum höfðu seturétt á sundþingi 2010. Kjörbréf bárust frá 10 sambandsaðilum sem áttu rétt á samtals 58 aðalfulltrúum. 42 einstaklingur voru skráðir á þingið. Atkvæðafjöldi voru 42 en engin umboð voru gild að þessu sinni.

Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga

Kjörin á sundþingi

Stjórn SSÍ:	Formaður:	Hörður J. Oddfríðarson ÍBR – kjörinn 2009 til fjögurra ára Hlín Ástþórsdóttir ÍBH – kjörin 2009 til fjögurra ára Ragnar Marteinnsson ÍBR – kjörinn 2009 til fjögurra ára Bjarney Snævarsdóttir ÍRB – 2009 til fjögurra ára Ólafur Baldursson ÍBS – kjörinn 2009 til fjögurra ára Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal ÍBR – kjörinn 2009 til tveggja ára Siv Friðleifsdóttir ÍBR – kjörinn 2010 til eins árs Þröstur Valdimarsson ÍBH – kjörinn 2009 til tveggja ára Ásta Birgisdóttir ÍBA – kjörin 2009 til tveggja ára
	Varamenn:	Ingólfur Hjörleifsson UMSK – kjörin 2010 til eins árs Jónas Tryggvason ÍBR – kjörinn 2010 til eins árs
Skoðunarmenn reikninga:		Júlíus Guðnason ÍA Guðbjörg Elsie Einarsdóttir ÍRB bæði kjörin til eins árs.

NEFNDAFÓLK SSÍ

SKIPAD AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIÐ 2010-11

Dómara-, móta- og tækninefnd:

Svanhvít Jóhannsdóttir ÍBR formaður
(fór í frí í mars 2010)

E. Birna Björnsdóttir ÍBR

Gunnlaugur Þráinsson ÍBR

Ingibjörg E L Stefánsdóttir HSK

Sigríður Björnsdóttir ÍRB

Hjördís Kristinsdóttir ÍRB

Ragnhildur Guðjónsdóttir ÍBR

Ólafur Baldursson fulltrúi stjórnar

Þröstur Valdimarsson fulltrúi stjórnar

Fræðslu- og kynningarnefnd:

Hafþór Guðmundsson UMFL formaður

Brian Daníel Marshall

Ingi Þór Einarsson

Guðbrandur Stefánsson form. íþr.kennarafél.

Ásta Birgisdóttir fulltrúi stjórnar

Ingólfur Hjörleifsson fulltrúi stjórnar

Ragnar Marteinsson fulltrúi stjórnar

Aga- og siðanefnd:

Helga Sigurðardóttir ÍBA formaður

Lárus Ársælsson ÍA

Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal fulltrúi stjórnar

Kjörnefnd

Ingólfur Hjörleifsson UMSK

Jóhannes Benediktsson ÍBR

Bjarney Snævarsdóttir fulltrúi stjórnar

Sundíþróttanefnd:

Ólafur Baldursson fulltrúi stjórnar

Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar

Siv Friðleifsdóttir fulltrúi stjórnar

Þröstur Valdimarsson fulltrúi stjórnar

Garpar

Karen Malmquist ÍBA formaður

Árni Rúnar Árnason ÍBH

María Valdimarsdóttir HSH

Þórdís Hrönn Pálsdóttir UMSK

Dýfingar

Pétur Jónasson ÍBR formaður

Davíð Ingason ÍBR

Víðavatnssund

Heimir Örn Sveinsson ÍBH formaður

Benedikt Hjartarson UMSK

Birna Jóhanna Ólafsdóttir ÍBH

Hilmar Hreinsson ÍBH

Sigurtjón Þórðarson Tindastóli

Steinn Jóhannsson ÍBH

Sundknattleikur

Landsliðsnefnd:

Starfaði ekki á árinu

Mannvirkjanefnd:

Starfaði ekki á árinu

Launaðir starfsmenn SSÍ 2010-11

Ingigerður Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Emil Örn Harðarson í hlutastarfi og afleysingum

SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIÐ 2010-11

Inngangur

Stjórn SSÍ hóf starf sitt strax að loknu síðasta Sundþingi með nýsamþykktu stefnu SSÍ að leiðarljósi. Stjórnin var samhent í störfum sínum og lítill ágreiningur var um afgreiðslu mála.

Nefndir sambandsins eru misvirkar og ljóst að þeir sem veljast til stjórnarstarfa fyrir SSÍ þurfa að leggja vinnu í að endurskoða starfsemi nefndanna. Fundargerðir frá nefndum hafa verið fáar og borist illa, þó þær hafi verið að störfum. Er það bagalegt því með þessu móti verður starf SSÍ ómarkvisst.

Við höfum sett okkur raunhæfa og góða afreksstefnu og erum byrjuð að framfylgja henni með ýmsu móti. Til að mynda hafa komið tillögur frá þjálfararáðinu um að SSÍ taki formlega þátt í fleiri alþjóðlegum verkefnum og noti svo dæmi sé tekið Mare Nostrum mótariðina sem undirbúning og æfingabúðir fyrir landsliðsfólkið okkar. Heimsmeistaramót unglunga er eitt þeirra verkefna sem þjálfararáðið leggur til að við verðum þátttakendur í til að undirbúa yngra afreksfólkið okkar. Við stefnum auðvitað að því að íslenskt sundfólk nái herra á heims- og evrópulistum í sundi og eftir að gúmmibúningarnir voru bannaðir nú fyrir skemmstu hefur aðstaða sundfólks víða um veröld jafnast á ný. Markmiðið er því ekki eingöngu að ná að halda í við þróun sunds í heiminum heldur að gera betur.

Við höfum gert okkur gildandi í norðurlandasamstarfinu (NSF) auk þess sem við tókum virkan þátt í alþjóða- og evrópusamstarfinu (FINA og LEN).

Fundargerðir stjórnar hafa verið birtar jafnóðum á heimasíðu SSÍ og þinggerð síðasta sundþings var tilbúin fáum dögum eftir þingið og var strax birt á heimasíðu SSÍ. Umhald gagna hefur verið í höndum framkvæmdastjóra sambandsins Ingigerðar Einarsdóttur.

Í fræðslumálum höfum við haldið áfram þróun Leónardóverkefnisins sem styrkt er af Evrópusambandinu. Það er nú á lokastigum og við eigum von á að fá lokaskýrslu verkefnisins í hendurnar á þessu ári og eigum þar með efni og aðferðir til kennslu sundþjálfara sem kostar þjálfara og félög minna, tekur minna af tíma þjálfara og er skipulagðara en það nám sem boðið hefur verið upp á hingað til.

Dómaramál í sundi eru í föstum skorðum. Stjórn SSÍ leggur mikla áherslu á að viðhalda þekkingu sunddómara. Íslensk sundhreyfing hefur fengið hrós erlendis fyrir virka og góða dómgæslu á alþjóðlegum mótum hér heima og góða þekkingu þeirra dómara sem hafa farið erlendis á okkar vegum til að sinna dómgæslu. Við eigum 5 alþjóðlega dómara á listum FINA og 2 alþjóðlega ræsa en það skiptir okkur miklu máli að hafa þessar stöður mannaðar því bæði Íslandsmeistaramótin auk að minnsta kosti þriggja annarra móta eru alþjóðleg hér á landi og þarf að framkvæma samkvæmt ítrustu reglum. Það er því stór sparnaður í því að eiga alþjóðlega dómara til að dæma á þessum mótum, því annars þyrftum við að flytja þá inn. Hins vegar er nauðsynlegt að hleypa þessu fólki utan að dæma og SSÍ hefur sótt reglulega um stöðu fyrir þau á evrópumeistaramótum og heimsmeistaramótum. Það liggur fyrir að íslenskur sunddómari verður ekki í hópi þeirra sem dæma á HM50 2011 né á Ólympíuleikunum í London 2012.

Í kjölfar samþykktar Sundþings 2010 um nýtt einkennismerki fyrir SSÍ skipaði stjórn SSÍ stjórnarfólkið Ólaf Baldursson og Ingólf Hjörleifsson ásamt Ingigerði Einarsdóttur framkvæmdastjóra í valnefnd. Nefndin setti könnun á netið um þær tillögur sem lágu fyrir, fékk hönnuði til að meta tillögurnar, kannaði hvernig merkin kæmu út í svart hvítu og lagði tillögu fyrir stjórn SSÍ strax á öðrum fundi eftir sundþing. Nýja merkið var samþykkt samhljóða í stjórn SSÍ og nýja merkið var kynnt í upphafi ÍM50 2010. Nýja merkið hefur verið notað að mestu síðan en eftir Sundþing 2011 hverfur gamla merkið alveg úr notkun.

Lítið hefur þokast í byggingu nýrra sundlauga eftir efnahagshrun og þó vonir standi til þess að hafist verði handa við byggingu 25 metra innilaugar á Akranesi á þessu ári þá er það ekki í hendi. Þá er mjög nauðsynlegt að huga að byggingu 50 metra innilaugar á Akureyri. Stjórn SSÍ mun hér eftir sem hingað til leggja á árar með heimafólki ef það má verða til þess að flýta framkvæmdum.

Á árinu staðfesti stjórn SSÍ 9 félagaskipti, 73 íslensk met og þar af 9 Íslandsmet í sundi, en þetta eru umtalsvert færri met en árið á undan.

Það er ljóst að íslensk sundhreyfing er að ganga í gegn um töluverð kynslóðaskipti og sundfólk í afreksstarfinu er frekar í yngri kantinum um þessar mundir. Það breytir samt ekki því að hreyfingunni er nauðsynlegt að stækka og víkka sig út. Við þurfum að huga að öllum sundíþróttum og framundan er vinna við það. Formaður SSÍ bauð öllum sundfélögum og deildum að hitta stjórnir þeirra á fundi. Markmiðið er fyrst og fremst að hvetja fólk áfram og kanna hvort SSÍ gæti gert betur á einhverjum sviðum. Gera má ráð fyrir að þessum funduferðum verði fram haldið á nýju starfsári.

60 ára afmæli SSÍ

Sundsamband Íslands var stofnað 25. febrúar 1951 og á því 60 ára afmæli á upphafsdegi Sundþings 2011. Í tilefni af afmælinu stendur ýmislegt til.

Afmælisárið hófst í Nauthólsvík á nýársdag með hraustu fólki sem skellti sér í sjóinn í tilefni dagsins. Það hittist ágætlega á því þá voru einnig liðin 101 ár frá því að lögreglan í Reykjavík byrjaði að standa fyrir svokölluðu nýársundi og 1 ár var liðið frá því að Sjóund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur var stofnað.

Í hverjum mánuði ársins verður svo eitthvað sem minnir á afmælið og um mitt ár verður farið að hengja upp veggspjöld í sundlaugum landsins með ágripi af sögu sunds á Íslandi. Vonandi sjá sundfélög og deildir sér hag í því að taka þátt í þessari kynningu á sundi og nýti sér hana sundíþróttum til framdráttar á Íslandi.

Stjórn SSÍ

Stjórn SSÍ hélt 12 fundi á árinu en hittist þess utan í smærri hópum til að vinna að einstökum málefnum. Samskipti voru einnig nokkur utan funda meðal annars með rafpósti og í óformlegu samstarfi við einstök verkefni. Stjórnin samanstendur af 9 aðalmönnum og 2 til vara. Stjórnarfólk er misjafnlega virkt, einstaklingar hafa skipt um starfs- og námsvettvang og þannig hefur þrengst um tíma fólks og áhugasvið tekið breytingum eins og gengur.

Í kjölfar sundþings skipti stjórnin með sér verkum, Hlín Ástþórsdóttir er varaformaður, Bjarney Snævarsdóttir er gjaldkeri, Ólafur Baldursson tók að sér Móta- og dómarsvið og Ingigerður Einarsdóttir framkvæmdastjóri leit til með landsliðsmálum þar til formaður tók það yfir um mitt ár. Saman skipaði þessi hópur framkvæmdaráð SSÍ. Framkvæmdaráð hittist ekki reglulega og líklega þarf að huga betur að því á nýju starfsári.

Jónas Tryggvason sér um dýfingamál fyrir hönd stjórnar, Ólafur Baldursson hefur haft með garpamál og dómaramál að gera fyrir stjórn, Þröstur Valdimarsson hefur verið okkar fulltrúi í mótanefnd og Siv Friðleifsdóttir er fulltrúi stjórnar gagnvart víðavatnssundi.

Vonandi getum við í framtíðinni byggt upp svipað fyrirkomulag og Norðmenn, sem hafa fulltrúa frá hverri sundíþrótt inn í stjórn auk einstaklinga sem hafa verið kosnir sérstaklega á sundþingi.

Á þessu sundþingi ganga fjórir aðalstjórnarmenn úr stjórn auk varamanna. Úr aðalstjórn ganga þau Ásdís Vatnsdal, Ásta Birgisdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Þröstur Valdimarsson. Úr varastjórn ganga þeir Ingólfur Hjörleifsson og Jónas Tryggvason. Jónas hefur einn gefið kost á sér til endurkjörs þannig að það er ljóst að amk 5 nýir einstaklingar verða kosnir í stjórn og varastjórn SSÍ á þessu afmæliþingi. Áfram sitja í stjórninni Bjarney Snævarsdóttir, Hlín Ástþórsdóttir, Hörður J. Oddfríðarson, Ólafur Baldursson og Ragnar Marteinnsson.

Skrifstofa SSÍ og mönnun erlendra verkefna

Ingigerður Einarsdóttir og Emil Örn Harðarson hafa starfað á skrifstofu SSÍ þetta starfsár, Ingigerður í fullu starfi sem framkvæmdastjóri og Emil Örn í hlutastarfi í sérstökum verkefnum. Einnig leysir hann Ingigerði af þegar þannig ber undir.

Ekki varð breyting á húsnæði skrifstofunnar á árinu en við leggjum áherslu á að stækka við okkur þannig að skrifstofan nýtist fyrir alla þá starfssemi sem þar þarf að fara fram.

Samstarf SSÍ við ÍSÍ er gott. Önnur sérsambönd hafa einnig átt í ágætum samskiptum við SSÍ. Eins og síðasta ár er samstarfið við Íþróttasamband fatlaðra mjög gjöfult. Í kjölfar afgreiðslu Sundþings 2010 getur fatlað sundfólk nú tekið þátt í Íslandsmeistaramótum SSÍ og notið þar eðlilegs jafnræðis.

Klaus-Jürgen Ohk SH og Jacky Pellerin Ægi tóku að sér hlutverk landsliðspjálfara í mismunandi verkefnum afrekslandsliða. Jacky fór á EM50 og sá um verkefnið Ísland-Færeyjar en Klaus fór á HM25. Þá fór Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir á EM25 og var það eðlilegt framhald af vinnu hennar á Ólympíuleikum ungmenna YOG sl. sumar. Aðrir þjálfarar sem tóku að sér verkefni fyrir SSÍ á liðnu ári voru Ragnheiður Runólfsdóttir ÍA, Mladen Tepavcic SH, Kristján Jóhannesson KR og Karen Malmquist Óðni. Stjórnarfólk var í hlutverki fararstjóra í erlendum verkefnum auk þeirra Hrafnkels Marinóssonar SH og Gústafs Adólfs Hjaltasonar Ægi.

Hlín Ástþórsdóttir hefur um árabíl fært bókhald sambandsins og gerir enn.

Rekstur og afkoma

Reikningar Sundsambands Íslands liggja fyrir og fylgja skýrslunni í sérkafla. Lausafjárstaðan var stöðugt umræðuefni á fundum stjórnar SSÍ á liðnu starfsári. Fjárhagsleg afkoma SSÍ árið 2010 er svipuð og fjárhagsáætlun sem samþykkt var á sundþingi 2010 sagði til um. Það má teljast nokkuð góður árangur að skila SSÍ fjárhagslega réttu megin þrátt fyrir „ástandið“ í samfélaginu. Við erum þó langt undir væntingum þegar kemur að fjáröflunum utan við hefðbundnar tekjuleiðir.

Stjórn SSÍ hefur endurtekið rætt fjáröflun á fundum sínum og á árinu 2010 var áætlað að hefja sókn í fjáröflunum þar sem leggja áttí áherslu á framlög einstaklinga sem og fyrirtækja. Því miður hefur framkvæmdin ekki verið eins og til stóð og fjáröflunarverkefni SSÍ öll á byrjunarreit. Úr því verður að bæta því hlutverk stjórnar SSÍ hlýtur að vera að afla fjár til starfseminnar. Markmiðið var að á afmælisárinu 2011 væri hægt að framkvæma verkefni afrekslandsliðs án þess að sundfólkið þurfi að leggja til fjármuni úr eigin vasa. Ekki er útséð með að þetta takist, en ný stjórn verður að láta hendur standa fram úr ermum. Við megum ekki gleyma því að hver einstaklingsstyrkur sem sóttur er getur skilað sér í bætum árangri einstaklingsins tímabundið en skilar sér lítið inn í hópinn þannig að heildarárangurinn gæti orðið síðri. SSÍ óskar áfram eftir því við aðstandendur hreyfingarinnar að fjáröflun fyrir landslið verði eflað og framkvæmd oftast og allir taki þátt. Hins vegar verðum við að fara varlega í fjáröflun fyrir sambandið og gæta þess að trufla ekki möguleika félaganna til að fjármagna sig á tímum þegar blóðugur niðurskurður fer fram í sveitarfélögum landsins.

Tekjur SSÍ úr Getrauna- og Lottópottum eru hærri en við áætluðum í upphafi árs og er það vel.

Samningar við aðalstyrktaraðila okkar TÓ er í gildi fram yfir ÓL í London. Honum fylgja möguleikar til að klæða landslið í samræmdan búning og að auki njóta dómara SSÍ samningsins. Við munum þurfa að ræða við tilvonandi styrktaraðila sambandsins á öðrum nóttum en oft áður og reyna að fá smærri aðila til styrktar en á móti kemur að þeir þurfa að vera fleiri.

Markmið stjórnar hefur verið að framlag frá Alþingi, Lottótekjur og þjónustugjöld standi undir launagreiðslum og rekstri skrifstofu sambandsins og þjónustu við félög og deildir. Það hefur nokkurn veginn tekist en ekki má mikið út af bregða t.a.m. þolum við það illa nú þegar styrkur Alþingis lækkar.

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði hreyfingunni fé til einstaklingsverkefna og skilgreindra verkefna SSÍ. Verkefnatengdir styrkir Afrekssjóðs til SSÍ eru okkur mikilvægir því þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við þátttöku afrekslandsliðs í Evrópu- og heimsmeistaramótum.

SSÍ hefur rekið virka forvarnarstefnu og félög og deildir geta sótt forvarnarfræðslu án endurgjalds til sambandsins eftir sínum þörfum.

Landsliðsstarf

Afreksstarfi SSÍ var framfylgt eftir því sem við var komið. Við erum þó ennþá sein að tilkynna áætlanir SSÍ og koma upplýsingum frá sambandinu til sundfólksins og félagana. Þetta hefur verið í endurskoðun en stefna SSÍ inniheldur hugmyndafræði til að taka á þessu. Á móti kemur að stjórn SSÍ hefur ekki verið nægjanlega upplýst um áætlanir einstakra sundmanna og því illa getað fylgt eftir. Á þessu hefur verið tekið með ráðningu Ragnars Friðbjarnarsonar sem umsjónarmanns landsliða en hann mun vinna mjög náið með þjálfararáði og framkvæmdastjóra SSÍ og vonandi hafa sér til stuðnings valda einstaklinga úr stjórn SSÍ.

Verkefni unglingslandsliða SSÍ voru keppni á CIJ mótið í Lúxemborg í apríl, sundmót smáþjóða í júní, evrópumeistaramót unglunga (EMU), norðurlandamót æskunnar (NÆM), Ólympíuleikar ungmenna (YOG) og norðurlandameistaramót unglunga (NMU). Árangur sundfólksins í þessum verkefnum var vel viðunandi miðað við væntingar. Sérstaklega var árangurinn á NMU glæsilegur en þar vann íslenska liðið til tvennra gullverðlauna (*Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægi*), tvennra silfurverðlauna (*Anton McKee Ægi* og *Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægi*) og einna bronsverðlauna (*Kolbeinn Hrafnkelsson SH*) – nokkuð sem við höfum ekki séð á undanförunum árum. Einnig unnust tvenn gullverðlaun á NÆM (*Kolbeinn Hrafnkelsson SH*).

Sundkeppni milli Íslands og Færeyja fór fram í október og lauk með sigri Íslands. EM25 var að þessu sinni haldið í nóvember vegna breyttra tímasetninga á HM25. Á það mót sendi SSÍ fjölmennara lið en áætlað hafði verið og útvíkkaði möguleika sundfólks til að ná lágmarkum á mótið. Markmiðið var að gefa yngra sundfólki tækifæri til að komast á EM25 og afla sér reynslu. Þessi tilraun gafst ekki vel þar sem árangur liðsins var langt undir væntingum og spurning hversu góð reynsla þetta varð fyrir okkar yngra sundfólk. Fyrir höfðu þrjú einstaklingar náð lágmarkum á EM25, þau Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi, Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH og Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR. Ragnheiður var sú eina úr þeim hópi sem keppti á mótinu og náði góðum árangri í aðdraganda þess að hún tók þátt í HM25. En það sem stendur upp úr afreksstarfinu á árinu 2010 var árangur Hrafnhildar Lúthersdóttur á HM25 í Dubai þar sem hún náði að bæta árangur sinn verulega og náði upp í milliriðla í sínum greinum. Ásamt Hrafnhildi voru Jakob Jóhann Sveinsson og Ragnheiður Ragnarsdóttir einnig í Dubai og stóðu sig bæði vel. Jakob Jóhann var einn íslenskra sundmanna á Evrópumeistaramótinu í 50 metra laug sem haldið var í Búdapest og náði vel viðunandi árangri.

Framundan er keppni á Smáþjóðaleikum í Liechtenstein og á Heimsmeistaramóti í 50 metra laug sem fram fer í Shanghai. Það er von okkar að undirbúningur sundfólksins fyrir þessi tvö verkefni verði betri en t.a.m. fyrir síðustu smáþjóðaleika því keppni á þessum mótum verður sterk og hörð. Sundfólkið þarf að geta nýtt sér þessi verkefni til að ná lágmarkum á Ólympíuleikana í London 2012.

Sú stefna hefur verið sett að íslenskt sundfólk sem ætlar sér að keppa á ÓL á að keppa á ÍM50 ár hvert og vera tilbúið til keppni í stórum verkefnum eins og HM50, EM50 og Smáþjóðaleikum. Hugmyndafræðin er auðvitað sú að undirbúningur fyrir ÓL tekur fjögur ár.

Stefna SSÍ

Stefna SSÍ var samþykkt á síðasta sundþingi ásamt sérstakri afreksstefnu og liggur hvort tveggja óbreytt fyrir sundþingi nú. Í henni er byggt á fyrri stefnu sambandsins auk þess sem afrekshlutinn er útfærður og markmið eru skýrð. Stefna sem þessi er í sífelldri endurskoðun og á að vera lifandi og breytileg eftir aðstæðum. Það skiptir máli að afreksstefnan sé uppfærð reglubundið og stillt af. Við héldum fund með þjálfurum á Íslandi í byrjun febrúarmánaðar þar sem við fórum yfir viðmið og lágmörk og samræmdum okkur.

Stefnumótun SSÍ er til þess að standa við bakið á þeim einstaklingum sem velja þann lífsstíl sem afreksíþrótt krefst, en einnig til að vernda og bæta almenna umgjörð um sundíþróttir á Íslandi. Það er von okkar að eftir tiltölulega fá ár getum við staðið upp og sagt „sundíþróttir standa öllum þeim til boða sem vilja stunda þær“.

Sundíþróttir fyrir alla

Við eigum ennþá erfitt með að bera okkur saman við aðrar íþróttagreinar varðandi þátttöku og skráning sundfólks hér á landi er ekki orðin nógu fullkomin. Stór hluti Íslendinga stundar sund en illa gengur að ná fram samræmdum tölum um aðsókn hér og þar um landið. Þó að sundfélög og deildir hafi gert gangskör í því að hreinsa til í iðkendaskráum sínum er lítið gert í því að halda raunverulegt félagatal en því þarf að breyta til að rödd sundhreyfingarinnar heyrist sem víðast innan íþrótt- og ungmennasambanda landsins. Félagatal er nauðsynlegt þar sem miklu skiptir að geta sýnt fram á útbreiðslu sundíþróttar.

Víðavatnssund (sjósund og sjóböð) verður sífellt vinsælla. Á síðasta sundþingi var settur rammi um hvernig árangur í víðavatnssundi skuli viðurkenndur. Líklegt er að sú vinna haldi áfram af krafti.

Garpar hafa einnig verið virkir á árinu, en minna hefur farið fyrir sundknattleik og dýfingum en til stóð. Ekki tókst að halda Sunddaginn mikla á síðasta starfsári en SSÍ áætla að halda sunddaga í maí 2011 í samvinnu við Kiwanishreyfinguna. Grunnskólamót í sundknattleik og sundi eru einnig nauðsynleg forsenda þess að sundhreyfingin nái að byggja sig upp og þess vegna mikilvægt að öll félög og deildir taki þátt í koma slíkum mótum á koppinn og nái sambandi inn í skólasundið á hverjum stað. Starfsmaður SSÍ mun að líkindum verða í sambandi við sundfélög og deildir til að útfæra það starf.

Lög og reglur

Litlar breytingar þurfa að fara fram á lögum eða reglugerðum SSÍ á þessu þingi. Fyrir liggur þó lokahnykkurinn á því starfi sem hófst árið 2005, þar sem nú kemur fram tillaga um að halda sundþing annað hvert ár. Markmiðið með því er að gera starfið markvissara og samræma okkar starf við þann raunveruleika sem er innan ÍSÍ. Einnig liggja fyrir tillögur um breytingu á reglugerð um Víðavatnssund og skipan starfshóps til að skoða dómgæslu yngsta sundfólksins.

Í byrjun ársins 2010 sendi FINA frá sér tilkynningu um hvaða sundfatnað mætti nota í keppni, þannig að nýjasti fatnaðurinn (gúmmígallarnir) var bannaður frá og með 1. janúar 2010. Stjórn SSÍ sendi frá sér nú á haustdögum endurnýjaða yfirlýsingu þar sem allur sundfatnaður sem stenst reglur FINA og er framleiddur fyrir 1/1 2008 og eftir 31/12 2009 og uppfyllir núverandi kröfur FINA um gerð er lýstur löglegur á Íslandi þó sérstaka merkingu FINA vanti. Það er þó sérstaklega tekið fram að í erlendum verkefnum ber íslensku sundfólki að uppfylla allar reglur FINA um sundfatnað, einnig þá um sérmerkinguna.

Engin mál komu upp sem kallaði á aðkomu Aga- og siðanefndar SSÍ og öll lyfjapróf sem tekin voru af íslensku sundfólki á síðasta starfsári reyndust neikvæð, þ.e. allir stóðust prófin. Það er sundhreyfingunni mikils virði að teljast til þeirra íþróttagreina þar sem lyf og sterar koma lítið við sögu. Einhver brögð eru ennþá að því að íslenskt sundfólk noti fæðubótarefni, vítamín og orkudrykki í óhófi en stjórn SSÍ varar mjög við slíku, þar sem á markaðnum eru ýmis fæðubótarefni og orkudrykkir sem innihalda efni sem koma fram í lyfjaprófum og eru á bannlista. Neysla slíkra vara getur því verið verulega varasöm og er alltaf á ábyrgð þeirra sem neyta.

Mótahald SSÍ

Mótahald sambandsins er áfram í föstum skorðum. Á atburðardagatali er gert ráð fyrir að halda Bikarmeistaramót SSÍ í 25 metra laug og hafa það í desember, sem er breyting frá því sem hefur verið undanfarið. Það má segja að þetta sé úrslitatilraun um að Bikarmeistaramót SSÍ standi undir nafni. Þá

hafa komið upp hugmyndir um að setja keppni í 5 km sundi strax helgina eftir ÍM50. Tilgangurinn væri sá að gefa sundfólki tækifæri til að synda í „Open Water“ á EMU 2011.

Reglum um AMÍ var breytt á síðasta sundþingi og var AMÍ rekið samkvæmt þeim reglum á síðasta ári og tókst ágætlega til. Engar tillögur um breytingar á reglugerðum móta liggja fyrir þinginu að þessu sinni og er það vel. Framkvæmd Íslandsmóta tókst ágætlega, ÍM 50 og ÍM 25 eru alþjóðleg opin mót ásamt auðvitað IMOC. Sundmót smáþjóða og keppnin Ísland vs Færeyjar fóru fram miðað við okkar viðmið og tókust bæði vel. Það er vert að þakka þeim félögum sem unnu að framkvæmd móta fyrir SSÍ kærlega fyrir góða vinnu sem mikið var lagt í.

Uppskeruhátíð SSÍ var síðan haldin að kvöldi lokadags ÍM 25. Hátíðin var að venju áfengislaus, tókst vel og var sundfólki til mikils sóma.

Íslandsmót var haldið í Víðavatnssundi og tókst vel, garpastarfið er í blóma en dýfingar og sundknattleikur eru greinar sem leggja þarf mikla vinnu í að viðhalda. Þá hefur þríþrautarfólk leitað inn í sundfélögin og styrkir það garpastarfið um leið og íþróttafólkið nær sér í alhliða þjálfun fyrir sína íþrótt.

Erlent samstarf

SSÍ hefur, að undirlagi ÍSÍ, unnið að því að auka áhrif sín innan Norræna sundsambandsins NSF, Evrópska Sundsambandsins LEN og Alþjóða sundsambandsins FINA.

Norrænt samstarf hefur verið okkar stökkpallur inn í starf stærri samtakana, þar sem Norðurlandþjóðirnar hafa staðið þétt saman og stutt hverja aðra. Einnig hafa smáþjóðir Evrópu haft með sér samtök til að gæta sameiginlegra hagsmuna. Við eigum fulltrúa í sundtækninefnd LEN sem er Guðmundur Harðarson. Hann hefur verið mjög sýnilegur og virkur í starfi sínu og fengið mikið hrós frá samstarfsfólki sínu.

Formaður og varaformaður SSÍ hafa haldið utan um alþjóðlegt samstarf og ábyrgð í alþjóðlegum samskiptum. Þetta starf er mikilvægt og skilar árangri inn í starf SSÍ bæði beint og óbeint. Ísland tekur við forsæti í NSF árið 2014, en þing NSF sem halda átti í maí á síðasta ári var ekki haldið vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Þing LEN verður haldið hér á Íslandi í maí 2011 og það er okkur mikilvægt að vel takist til. Þá höfum við sóst eftir fleiri sætum í stjórn og nefndum LEN og FINA. Formaður sótti LEN þing á Kýpur ásamt varaformanni, en þar var einnig haldið NSF þing ásamt stjórnarfundi í NSF.

Í alþjóðlegu samstarfi hefur Ísland skipað sér í flokk með öðrum norrænum þjóðum auk þess sem við höfum sérstaklega ræktað tengsl okkar við Belgíu, Þýskaland, Frakkland, Bretland og Írland. Markmið þessara landa er að sameina Evrópu á ný og ná þannig eðlilegum styrk í FINA. Við höfum átt í góðu samstarfi við Færeyinga og á líðandi starfsári fór landskeppni milli Íslands og Færeyja fram í annað sinn. Þess má svo gjarnan geta hér að alþjóðlegir dómara okkar Íslendinga hafa verið að dæma á mótum LEN og FINA og fá undantekningalaust góða og jákvæða umsögn að mótunum loknum. Það er okkur mikilvægt að viðhalda okkar góða orðspori í alþjóðlegu sundsamhengi.

Fjölmiðlar og samskipti

Enn er langt í land að fjölmiðlaumfjöllun á Íslandi um sund sé viðunandi. Þar kemur margt til. Fækkað hefur verið á öllum miðlum þeim sem eiga að flytja íþróttafréttir, útsendingartími fyrir íþróttir hefur verið skorinn niður og á sama tíma hefur SSÍ ekki náð að manna stöður fjölmiðlafulltrúa á mótum sínum þannig að fréttir og fréttatilkygningar frá okkur og aðstoð við fjölmiðla hefur verið afskaplega stopul. Þetta þarf að breytast. Því er það þannig að allir þeir sem hafa kvartað við formann SSÍ um fjölmiðlaumfjöllun vegna sundíþróttar eða vegna fréttar á heimasíðu SSÍ hafa fengið boð um að taka að sér þá vinnu sem felur í sér að sinna fjölmiðlum vel og skrifa reglubundið á heimasíðu sambandsins. Enginn þessara aðila taldi sig hafa tíma eða getu til að taka slíkt að sér. Stjórn SSÍ telur ekki verjandi að afla 500.000 króna til að setja í eina veggja tíma beina sjónvarpsútsendingu þegar fjáröflun hefur nánast engu skilað inn í starf sambandsins að öðru leyti. Þess vegna höfum við ekki lagt á það áherslu við RÚV að sýna beint frá ÍM eða Bikar en í öll skiptin höfum við stungið upp á því að þeir búi til stuttan þátt um mótin og sýni eftir á.

Samskipti SSÍ við fjölmiðla hafa batnað mjög mikið síðustu ár og mikilvægt að halda í þau tengsl sem þegar hafa myndast á fjölmiðlunum. Þessi tengsl eru mjög á persónulegum nótum og eru oft viðkvæm gagnvart breytingum innan fjölmiðla sem og innan SSÍ.

Langflestir sem koma að störfum fyrir hreyfinguna gera það í sjálfböðavinnu í einni eða annari mynd og greiða jafnvel með sér á ýmsa vegu til að geta tekið þátt í starfinu. Við verðum öll sem störfum í hreyfingunni að gæta okkar í samskiptum innan hreyfingar. Sagan kennir okkur það að snöggar breytingar og óvæntar í einu félagi geta haft margfeldisáhrif í önnur félög sem og sameiginlega stjórn í

hreyfingunni. Oftar en ekki eru þessi áhrif neikvæð þegar til lengri tíma er litið og það kostar mikla orku og tíma að byggja hreyfinguna upp á ný. Mikilvægt að halda góðu sambandi milli félaga og þeirra einstaklinga sem veljast til forystu, jafnframt því að eining innan félaga skilar að öllu jöfnu góðu starfi.

Að lokum

Enn og aftur finnst mér rétt að minn á mannaúðinn sem býr í hreyfingunni, auð sem er ekki seljanlegur og nýtist þessari hreyfingu einni. Þessi mannaúður er ómetanlegur. Sjálfboðavinna á að vera skemmtileg og uppbyggjandi og þannig verður hún ef við tökum hvert öðru á jákvæðan hátt. Sjálfboðavinna er ómetanlegur þáttur í starfi SSÍ og sundfélaganna og við verðum að fara vel með það fjöregg. Um leið og maður hættir að trúa því að allir séu að gera sitt besta er eins gott að hætta og hleypa öðrum að.

Slagorðið „**Vinum saman og verum góð hvert við annað**“ á því enn við

Hér á eftir fara skýrslur einstakra starfsnefnda sambandsins og reikningar þess. Stjórn SSÍ þakkar nefndafólki það sem það lagði af mörkum á árinu og fólkinu í sundhreyfingunni fyrir samstarfið á liðnu starfsári. Ég þakka einnig stjórnarfólki góð og gefandi samskipti á liðnu ári.

Fyrir hönd stjórnar SSÍ
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

2011-03 Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar.

Bjarney Snævarsdóttir gjaldkeri SSÍ lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Skýrsla stjórnar og reikningar ársins 2010 liggja fyrir á þinginu og á heimasíðu Sundsambandsins. Hlín Ástþórsdóttir hefur bókað reikninga sambandsins og stjórn SSÍ hefur haft glögga mynd af fjárhag sambandsins allt árið.

Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2010, með undirskrift sinni.

Reykjavík



Hörður J. Oddfríðarson
Formaður



Bjarney S. Snævarsdóttir
Gjaldkeri

Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1. janúar 2010 til 31. desember 2010 höfum við yfirfarið. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurlíðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði



Jónsnyggur Þorgeirsson
Fh/ER - ehf. Endursk. og reikningsskil

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning ársins 2010.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundsambands Íslands.

Reykjavík 15. febrúar 2011



Jónus V. Guðnason



Guðbjörg E. Einarsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2010

	Skýr.	<u>2010</u>	<u>2009</u>
REKSTRARTEKJUR:			
Styrkir	1	14.885.553	11.562.356
Tekjur af mótum	2	384.002	449.375
Þjónustugjald SSÍ	3	6.717.550	6.703.650
Aðrar tekjur	4	4.630.028	5.089.221
		<u>26.617.133</u>	<u>23.804.602</u>
		Rekstrartekjur alls:	23.804.602
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	5	6.755.379	7.648.785
Verkefnastjóri landsliða	6	567.809	1.283.659
Áhöld og tæki	7	2.162.830	121.369
Ferðakostnaður innanlands	8	16.044	22.640
Mótakostnaður erlendis	9	8.867.868	10.567.661
Kostnaður v/mótahalds	10	1.792.299	979.405
Rekstur mannvirkja	11	255.828	255.828
Rekstur skrifstofu	12	3.055.550	2.772.315
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	13	11.000	194.430
Nefndakostnaður	14	960.451	598.067
Kostnaður v/námskeiða	15	827.914	511.323
Annar kostnaður	16	814.020	1.012.200
Önnur gjöld	17	97.276	107.484
		<u>26.184.268</u>	<u>26.075.166</u>
		Rekstrargjöld alls:	26.075.166
		Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:	-2.270.564
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)			
Vaxtatekjur		165.986	387.980
Gengismunur		-25.234	10.005
Vaxtagjöld og verðbætur		58.009	47.347
		<u>82.743</u>	<u>350.638</u>
		Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:	350.638
		Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi :	-1.919.926
		<u>515.608</u>	<u>-1.919.926</u>
		Hagnaður fyrir önnur gjöld:	-1.919.926
		<u>515.608</u>	<u>-1.919.926</u>
Hagnaður ársins:		515.608	-1.919.926

EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2010

Eignir:	Skýr.	2010	2009
Veltufjármunir:			
Viðskiptareikningur afreksmanna			209.000
Viðskiptakröfur		1.808.575	838.700
Vörslubækur afreksmanna		54.019	36.434
Handbært fé		2.597.156	5.009.703
	Veltufjármunir alls:	4.459.750	6.093.837
 Eignir samtals:		4.459.750	6.093.837
 Skuldir og eigið fé:			
Eigið fé:	Skýr.	2010	2009
Staða 1/1		2.434.499	4.354.425
Hagnaður (tap) ársins		515.608	-1.919.926
	Óráðstafað eigið fé samtals 31/12:	2.950.107	2.434.499
	Eigið fé samtals:	2.950.107	2.434.499
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur afreksmanna		20.860	
Aðrar skammtímaskuldir		1.488.783	3.659.338
	Skammtímaskuldir alls:	1.509.643	3.659.338
 Skuldir og eigið fé samtals:		4.459.750	6.093.837

Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga

Engar umræður áttu sér stað um skýrslu stjórnar, starfsnefnda eða reikninga

Reikningar samþykktir samhljóða.

Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt

Kjörbréfanefnd

83 fulltrúar hafa rétt til setu á þinginu frá 26 íþróttabandalögum/héraðssamböndum. Alls hafa borist kjörbréf frá eftirtöldum 9 íþróttabandalögum/héraðssamböndum sem eiga rétt á samtals 51 aðalfulltrúum.

HSH – María Valdimarsdóttir

HSK – Guðrún Hafsteinsdóttir og Magnús Tryggvason

ÍA – Harpa Finnbogadóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir, til vara – Gunnar H Kristinsson og Ragnheiður Runólfssdóttir

IBA – Halldór Arinbjarnarson, Karen malmquist, Ólafur Baldursson og Börkur Þór Ottósson, til vara – Dýrleif Skjöldal og Gunnar V Eiríksson.

IBH – Kristín Pétursdóttir, Karl Georg Klein, Heimir Örn Sveinsson og Klaus Jurgen Ohk, til vara – Kristján Guðmundsson, Guðmundur Rafn Bjarnason og Guðjón Guðnason

IBR – Hörður Oddfríðarson, Gústaf A Hjaltason, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Guðrún G. Sigurþórsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Jóhannes Benediktsson, Jón Hjaltason, Ragnar Marteinnsson, Haukur Magnússon, Sigurður Sigurðarson, Guðmundur Theódórsson, Jón Þór Ólason og Magnús Steinarsson, til vara – Dagur Pálmar Eiríksson, Sverrir Gíslason, Björn Valdimarsson, Karl Pálmason, Jón Oddur Sigurðsson, Finnur Einarsson, Guðni Ingólfsson, Jón Sigurðsson, Hólmgeir Reynisson, Þórunn Guðmundsdóttir, Guðrún Hólmsteinsdóttir og Bjarni Bergsteinsson.

IRB – Anthony Kattan, Guðmundur Jón Bjarnason, Guðbjörg Elsie Einarsdóttir, Sigurbjörg Róbertsdóttir, Lúðvík Berg Bárðarson, Júlíus Friðriksson, Sigurþór Sævarsson og Harpa Einarsdóttir.

ÍS – Bjarni Már Svavarsson og Magnús Már Jakobsson

UMSK – Jón Gunnar Hilmarsson

38 fulltrúar eru skráðir þar af eru mættir 36. Ekkert umboð er skráð.

Kjörbréf voru staðfest samhljóða

Tillögur sem liggja fyrir Sundþingi 2011:

Þingforseti gerði grein fyrir því að ekki væri gert ráð fyrir umræðum á þessu stigi þingsins og bað þingfulltrúa að geyma þær þar til í nefndastarfi og við afgreiðslu mála. Eftirfarandi mál voru lögð fyrir þingið og afgreidd áfram til nefnda.

Þingskjöl:		Flutt af:	Vísað til:
Þingskjál nr. 2011-05	Fjárhagsáætlun	SSÍ/BSS	Fjárhagsnefndar
Þingskjál nr. 2011-06	Þjónustugjöld SSÍ	SSÍ/BSS	Fjárhagsnefndar
Þingskjál nr. 2011-07	Stefna SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjál nr. 2011-08	Afreksstefna SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjál nr. 2011-09	Atburðadagatal 2011-2012	SSÍ/HJO	Mótanefndar

Þingskjal nr. 2011-10	Handbók SSÍ 2011	SSÍ/HJO	Laganefndar
Þingskjal nr. 2011-11	Breytingar á 5. grein laga SSÍ um sundþing	SSÍ/HJO	Laganefndar
Þingskjal nr. 2011-12	Breytingar á regulugerð um víðavatnssund	SSÍ/HJO	Laganefndar
Þingskjal nr. 2011-13	Starfshópur um dóm- gæslu í keppni barna	Dýrleif Skjöldal/HJO	Allsherjarnefndar

Kl. 18:00 frestaði þingforseti formlegum þingstörfum til kl. 9:00 að morgni laugardags.

Kl. 18:30 Þingið opnað boðsgestum vegna 60 ára afmælis SSÍ. Veiting heiðursviðurkenninga.

Athöfninni stjórnðu Ásdís Ó. Vatnsdal og Hörður J. Oddfríðarson. Hlín Ástþórsdóttir og Bjarney Snævarsdóttir sáu um afhendingu heiðursviðurkenninga.

Ávörp fluttu:

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson

Forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson

Benedikt Sigurðarson, fyrrum formaður SSÍ

Benedikt Hjartarson, sjósundskappi sem mælti fyrir hönd SJÓR

Að athöfn lokinni var boðið upp á léttar veitingar í tilefni dagsins.

Laugardagur 26. febrúar 2011

Nefndarstörf hófust kl. 09:00 í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti að lokinni morgunhressingu. Á þinginu störfuðu 4 nefndir: allsherjarnefnd undir stjórn Gústafs Adolfs Hjaltasonar, mótanefnd undir stjórn Björns Valdimarssonar, fjárhagsnefnd undir stjórn Kristínar Pétursdóttur og laga- og leikreglanefnd undir stjórn Jóns Hjaltasonar. Áður en nefndarstörf hófust, benti Hörður Oddfríðarson nefndarmönnum að íhuga vel kafla um AMÍ í reglugerðum SSÍ. Einnig benti hann á að huga þyrfti að samræmingu í opinberum gögnum SSÍ vegna breytinga á afreksstefnu. Fjárhagsnefnd þyrfti ekki langan tíma til að ræða fjárhagsáætlun sambandsins þar eð sérstakur opinn fundur hefði verið haldinn um hana viku fyrir þing eða laugardaginn 19. febrúar.

Stefnt var að því að nefndarstörfum lyki kl. 11:30 og að þingstörf hæfust að nýju kl. 12:30 að loknum léttum hádegisverði.

Kl. 12:30 ávarpaði Páll V. Sigurðsson frá Kiwanis á Íslandi þingið og skýrði frá fyrirhuguðu samstarfsverki samtakanna og SSÍ við sölu Kiwanislykilsins til styrktar geðsjúkum, 10.-14. maí 2011. Ágóði af sölu lyklnanna rennur til Lautar í Mosfellsbæ, sem aðstoðar konur með fæðingarþunglyndi; deildar BUGL á Ísafirði og athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri. Áhugi er fyrir því að tengja sölu lyklnanna við hreyfingu og gefa fólki tækifæri til að taka þátt í keppni um að „synda í kringum landið og til Færeyja“. Listi mun liggja frammi á öllum sundstöðum þar sem fólk getur skráð þá vegalend sem synt hefur verið. Upplýsingar um synta kílómetra birtast daglega í fjölmiðlum og verður það unnið í samstarfi við fyrirtækið Margmiðlun, sem telur verkefnið mjög sjónvarpsvænt. Vonast er til að verkefni þetta ýti undir sundiðkun almennings. Þess má einnig geta, að Kiwanis verkefnið fer fram á sama tíma og LEN þingið verður haldið í Reykjavík. Þá benti Páll á, að sölufólk fái 300 krónur í sölulaun fyrir hvern lykil og væri það kjörin fjáröflunarleið fyrir sundfélög á landinu að taka þátt í sölunni.

Þingheimur lýsti ánægju sinni með verkefnið.

Að þessu loknu bauð þingforseti, Guðmundur Jón Bjarnason, þingmenn velkomna aftur til starfa og bað menn að sitja þannig að aðeins þeir sem atkvæðarétt hefðu sætu við borðin í salnum en aðrir tækju sér sæti til hliðar. Atkvæðaspjöldum var síðan dreift til aðildarsambanda í samræmi við fulltrúafjölda þeirra undir stjórn kjörnefndar.

Niðurstöður nefndastarfa/Atkvæðagreiðslur (fyrri hluti)

Samþykktir þingsins eru birtar í heild aftast í þinggerðinni undir númerum þingskjala.

Tillögur Fjárhagsnefndar:

Fyrir hönd Fjárhagsnefndar mælti Kristín Pétursdóttir ÍBH.

Þingskjal 2011-05 Fjárhagsáætlun

Þar sem opinn fundur hafði þegar verið haldinn um fjárhagsáætlun SSÍ laugardaginn 19. Febrúar fór fjárhagsnefnd ekki yfir smáatriði í fjárhagsáætlun. Formaður nefndarinnar útskýrði áætlunina og benti á, að stjórn SSÍ hefði hug á að leita enn frekar til styrktaraðila á fyrirtækjamarkaði. Útskýrði hún einnig þá miklu aukningu sem kemur fram á liðnum „mótakostnaður erlendis“ sem stafar bæði af nýjum verkefnum og fjölgun verkefna erlendis. Sagði hún fjárhagsnefnd hafa samþykkt fjárhagsáætlun SSÍ án þess að gera við hana nokkrar athugasemdir.

Gústaf Adolf Hjaltason spurði hvort fjárhagsáætlun gerði ekki ráð fyrir óbreyttri upphæð þjónustugjalda og svaraði Kristín því að svo væri.

Þingskjalið samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2011-06 um þjónustugjöld

Nokku umræða spannst um afgreiðslu á tillögu um þjónustugjöld SSÍ, einkum þar sem þingið hafði samþykkt fjárhagsáætlun sem ekki gerði ráð fyrir hækkun þjónustugjalda án þess að hafa áður samþykkt tillögu stjórnar um þjónustugjöld.

Gústaf Adolf Hjaltason spurði hvort gjald fyrir garpa tæki einnig til félagsmóta og benti á að SSÍ gæti ekki ákveðið gjöld á félagsmótum. Hörður Oddfríðarson svaraði að svo væri ekki, aðeins væri átt við SSÍ mót í tillögunni um þjónustugjöld.

Þingskjalið samþykkt samhljóða.

Kosningar í stjórn SSÍ og kosnir skoðunarmenn reikninga

Klukkan 13:00 var gert hlé á afgreiðslu þingskjala og gengið til kosninga í stjórn SSÍ. Laus voru 4 sæti í aðalstjórn og 1 sæti í varastjórn.

Las þingforseti úr 10. grein laga SSÍ:

Stjórn SSÍ skal skipuð níu mönnum sem allir eru kosnir til fjögurra ára í senn, auk þeirra eru tveir varamenn kosnir hverju sinni. Falli kjörinn stjórnarmaður frá eða hætti störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans fram að næsta sundþingi á eftir og skal það sundþing kjósa mann í staðinn til loka þess kjörtíma sem eftir var. Kosningu skal hagað þannig að á næsta sundþingi eftir Ólympíuleika er formaður kosinn í beinni kosningu til fjögurra ára og 4 stjórnarmenn til fjögurra ára.

Hörður J. Oddfríðarson, formaður SSÍ, situr til 2013 og það gera einnig stjórnarmennirnir Bjarney S. Snævarsdóttir, Hlín Ástþórsdóttir, Ólafur Baldursson og Ragnar Marteinson.

Ásdís Ó. Vatnsdal, Ásta Birgisdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Þróstur Valdimarsson úr aðalstjórn höfðu lokið sínum kjörtíma og gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Ennfremur gaf varastjórnarmaðurinn Ingólfur Hjörleifsson ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn SSÍ.

Fjögur framboð til stjórnar SSÍ bárust áður en þing hófst: Heimir Örn Sveinsson, Ingi Þór Ágústsson, Jón Oddur Sigurðsson, Karen Malmquist.

Jóhannes Benediktsson ÍBR lagði til að þessir einstaklingar fengju að kynna sig stuttlega og gerðu þeir það. Jón Oddur Sigurðsson er fyrrum afrekssundmaður og keppti um nokkura ára skeið í landsliðum Íslands í sundi. Ingi Þór Ágústsson hefur verið viðloðandi sund, þjálfun og stjórnun sundmála um langt skeið og hefur víðtæka reynslu á því sviði. Heimir Örn Sveinsson æfði á árum áður sund með SH en hefur verið í forystu sjósundsmála undanfarin tvö ár. Telur sig koma inn í stjórn SSÍ sem tengiliður við sjósundið í stað Sivjar Friðleifsdóttur sem nú hverfur úr stjórn. Karen Malmquist hefur lengi starfað að garpamálum og hefur einnig tekið þátt í landsliðsstarfi SSÍ sem þjálfari og fararstjóri.

Þar sem ekki bárust önnur framboð teljas þessir einstaklingar réttkjörnir í stjórn SSÍ.

Framboð til varastjórnar höfðu ekki borist, en á þinginu bauð Hólmgeir Reynisson sig fram og taldist rétt kjörinn.

Hörður Oddfríðarson bauð nýtt stjórnarfolk velkomið til starfa og þakkaði fráfarandi stjórnarfolki gott og gjöfult starf. Bætti hann því við að næsta stóra verkefni nýrrar stjórnar væri að afla 4.5 milljóna til landsliða SSÍ, sem jafngildir 35 þúsund krónum á hvern stjórnarmann á mánuði, og mikilvægt sé fyrir alla að leggjast á árar.

Sitjandi skoðunarmenn reikninga eru **Júlíus Guðnason ÍA** og **Guðbjörgu Elsie Einarsdóttir ÍRB**. Formaður gerði að tillögu sinni að þau verði endurkjörin. Engin önnur framboð bárust og teljast þau því rétt kjörin.

Stjórn SSÍ 2011 - 2013

Formaður SSÍ – kjörtími 2009 til 2013

Hörður J. Oddfríðarson ÍBR

Stjórn SSÍ – kjörtími 2009 til 2013

Bjarney Snævarsdóttir ÍRB

Hlín Ástþórsdóttir ÍBH

Ólafur Baldursson ÍBA

Ragnar Marteinnsson ÍBR

Sitjandi í stjórn SSÍ – kjörtími 2011 til 2015

Heimir Örn Sveinsson ÍBH

Ingi Þór Ágústsson ÍBR

Jón Oddur Sigurðsson ÍBR

Karen Malmquist ÍBA

Varamenn í stjórn SSÍ – kjörtími til 2013:

Jónas Tryggvason ÍBR
Hólmgeir Reynisson ÍBR

Skoðunarmenn reikninga – kjörtími til 2013:

Júlíus V Guðnason ÍA
Guðbjörg Elsie Einarsdóttir ÍRB

Niðurstöður nefndastarfa/Atkvæðagreiðslur (seinni hluti)

Samþykktir þingsins eru birtar í heild aftast í þinggerðinni undir númerum þingskjala.

Tillögur Laga- og leikreglnanefndar:

Fyrir hönd Laga- og leikreglnanefndar mælti Jón Hjaltason.

Þingskjal 2011-12 Breyting á reglugerð um víðavatnssund.

Nefnd leggur til að þingskjalinu verði vísað til stjórnar SSÍ og að niðurstaða málsins fylgi þinggerð.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2011-11 Lagabreyting varðandi sundþing

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt en með breytingum á 9. grein laga SSÍ um aukasundþing.

Breyting á 5. grein laga SSÍ um sundþing samþykkt samhljóða.

Breyting á 9. grein laga SSÍ um aukasundþing samþykkt með tilskyldum meirihluta atkvæða.

Tillaga Kristínar Guðmundsdóttur um skráningu fatlaðra sundmanna.

Nefndin leggur til að þessari tillögu verði vísað til stjórnar SSÍ til sams konar afgreiðslu og tillagan um breytingar á reglugerð um víðavatnssund.

Þingforseti Benedikt Sigurðarson benti á, að tillögur sem fram koma á þingi þurfi að samþykkja sem afbrigði.

Tillaga samþykkt samhljóða að fengnu samþykki um afbrigði.

Þingforseti bar síðan **lög SSÍ** upp til samþykktar með áorðnum breytingum.

Samþykkt samhljóða

Þingforseti bar upp **Almenn ákvæði SSÍ** í heild eftir ofangreindar breytingar.

Samþykkt samhljóða

Tillögur Allsherjarnefndar:

Fyrir hönd Allsherjarnefndar mælti Gústaf Adolf Hjaltason.

Þingskjal 2011-08 Afreksstefna SSÍ

Nefndin tók fyrir fyrstu 14 síður Afreksstefnunnar og lagði til að þær yrðu samþykktar með smávægilegum orðalagsbreytingum. Telur nefndin að aðrar síður heyri undir þjálfararáð og afreksráðstefnu SSÍ.

Þingforseti vísaði stefnu SSÍ til ályktana og umræðu og lýsti orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2011-10 Handbók SSÍ 2011

Mjög jákvæð umræða átti sér stað innan nefndarinnar um handbókina og ekki komu fram neinar óskir um breytingar á henni.

Vilhjálmur Þorsteinsson úr stjórn Ægis vísaði í stefnu SSÍ og umfjöllun þar um brottfall. Leggur áherslu á að unglinga- og framtíðarhópar verði endurvaktir innan SSÍ því það starf hefði skilað mjög góðum árangri fyrir nokkrum árum.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2011-13 Tillaga um starfshóp

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt og því vísað til stjórnar að mynda starfshóp er fjallar um sérstaka dómgæslu fyrir yngstu keppendurnar á sundmótum.

Samþykkt samhljóða

Ályktanir Allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd vildi leggja fram nokkrar ályktanir og eru þær taldar fram hér á eftir:

- Ályktun um að heimasíðunefnd SSÍ verði skipuð í tilefni af 60 ára afmæli sambandsins og skili hún af sér notendavænni síðu í lok árs.

Samþykkt.

- Ályktun um hvenær hægt verði að ná lágmarkum í landsliðsverkefni.

Samþykkt.

- Ályktun um að hefja samstarf við ferðaþjónustuaðila og Íslandsstofu um kynningu á sundi á Íslandi með það fyrir augum að laða að erlenda sundhópa, t.d. í æfingabúðir.

Samþykkt samhljóða.

- Ályktun um leiðréttingu á þeim gífurlegan mismun sem reynist vera á fjárframlögum til íþróttamanna annars vegar og listmanna hins vegar.

Samþykkt samhljóða

- Ályktun um að niðurstöður þjálfararáðstefnu verði kynntar á sundþingi.

Þingforseti Benedikt Sigurðarson benti á að breyta þyrfti orðlagi ályktunarinnar, því samþykkt hefði verið að halda sunþing annað hvert ár. Standa þyfti ... „á sundþingi/formannafundi“ svo þetta yrði framkvæmanlegt.

Samþykkt með breytingum.

- Ályktun varðandi bls. 15-21 í ritinu *Afreksstefna SSÍ* sem ekki telst beint til stefnu sambandsins.

Samþykkt

- Ályktun um endurvakningu framtíðar- og unglingahópa SSÍ

Samþykkt.

Tillögur Mótanefndar:

Fyrir hönd Mótanefndar mælti Björn Valdimarsson.

Þingskjal nr. 2011-09 Atburðadagatal SSÍ

Björn greindi frá því að nefndin hefði farið yfir atburðadagatalið og að félög hafi komið með óskir sínar um mótahald. Nefndin vísaði atburðadagatalinu til stjórnar til frekari úrvinnslu.

Ragnar Marteinsson ÍBR taldi atburðadagatalið ekki vera eingöngu keppnisdagatal og vildi fá að bæta þorláksmessusundi garpa inn á dagatalið. **Klaus-Jürgen Ohk ÍBH** benti á að SH hygðist halda stórt sundmót á sama tíma og IGLA leikarnir fara fram. **Heimir Örn Sveinsson ÍBH** vildi tryggja að Íslandsmeistaramót í sjósundi væri sett á atburðadagatalið. **Guðmundur Jón Bjarnason ÍRB** lýsti sig andvígán stóru móti SH á sama tíma og IGLA mótið færi fram og ítrekaði að við ættum að forðast það að setja stór mót ofan í önnur mót. **Ingi Þór Ágústsson ÍBR** benti á, að nú væri búið að færa Bikar yfir á síðustu helgi fyrir jól. Lýsti hann því yfir að það væri mjög erfitt fyrir fólk utan af landi að sækja þetta mót. Benti hann einnig á, að Reykjavíkurlíðin gætu haft félagsmót rétt fyrir jól en SSÍ mót ættu ekki heima á þessum árstíma. **Hörður J. Oddfríðarson** sagði gott að menn hefðu skoðun á atburðadagatali SSÍ. Sagðist jafnramt hafa haldið að meiri umræða yrði um Bikar en raun hefði orðið. Ástæðan fyrir tilfærslu Bikarkeppni SSÍ hefði einfaldlega verið sú, að reyna að lífga upp á mót sem löngu væri tímabært að gefa smá andlitslyftingu. Benti hann einnig á að atburðadagatal SSÍ væri lagt fram á sundþingi til kynningar og umræðu en ekki til atkvæðagreiðslu eða samþykktar/synjunar. Ef ágreiningur kæmi upp milli félaga um dagsetningar sundmóta ættu þau að vísa slíkum ágreiningi til viðkomandi sundráða til úrlausnar. Hörður kynnti hvað félög hafa sótt um að halda SSÍ mót á næstunni. **Haukur Magnússon Sd. Fjöltnis** fannst skjóta skökku við að halda tvær bikarkeppnir sama árið.

Þingskjali vísað til stjórnar til áframhaldandi vinnslu.

Vegna lagabreytinga

Ekki störfuðu fleiri nefndir á þinginu en þar sem lögum SSÍ hefur verið breytt í þá veru að Sundþing verði haldið annað hvert ár var talið rétt að kynna drög að fjárhagsáætlun SSÍ fyrir 2012 en þau voru rædd í fjárhagsnefnd. **Kristín Pétursdóttir** gerði grein fyrir þessum drögum og skýrði frá því að Fjárhagsnefnd hefði ekki gert athugasemdir við þau.

Þingforseti Benedikt Sigurðarson bar það undir þingheim að greiða atkvæði um hvort vinna eigi áfram eftir þessum drögum að fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust.

Heimir Örn Sveinsson kvaddi sér hljóðs og sagðist hafa fengið ábendingu um að sjósund/víðavatnssund væri ekki kynnt nægilega vel innan sundfélaganna. Greindi hann frá því að afrekaskrá í víðavatnssundi á Íslandi (eins konar „ranking“ listi) væri í bígerð þannig að fólk hefði viðmið til skráningar á mót erlendis. Sagði hann sjósund hafa verið nokkuð áberandi út á við í samfélaginu en það mætti bæta kynningu á því inna á við í sundhreyfingunni. Ennfremur greindi hann frá því að víðavatnssundnefnd SSÍ hefði hafið samstarf við fyrirtækið Coldwater, sem er ferðapjónustufyrirtæki sem sinnir ferðamennsku í tengslum við þekktar sjósunds- og víðavatnssundleiðir. Nýtt fyrirbæri í sundheiminum væri að ryðja sér til rúms, en það er hið svokallaða „Seven Oceans“ sund sem líkja má við sjö tinda klifur fjallamanna. Sundmenn synda í heimshöfunum sjö og fá sérstaka viðurkenningu fyrir það. Hér væri sóknarfæri fyrir Ísland þar sem hugsanlega mætti setja Akranessund inn í heimshafapakkann.

Pingforseti, Benedikt Sigurðarson þakkaði fyrir góð þingstörf fyrir sína hönd og Guðmundar Jóns Bjarnasonar og gaf síðan **Herði Oddfríðarsyni** orðið til að slíta þingi.

Hörður Oddfríðarson bar sundþingi kveðju menntamálaráðherra og borgarstjóra Reykjavíkur sem hvorugar höfðu tök á því að vera viðstaddir afmælishóf SSÍ. Einnig bar hann sérstakar kveðjur og þakkir frá forseta Íslands og forseta ÍSÍ sem lýstu ánægju sinni með dagskrána í tengslum við afmælishófið og veitingu heiðursviðurkenninga. Þá ítrekaði hann þakkir til fráfarandi stjórnarmanna, þakkaði þingfulltrúum þátttökuna og sleit síðan þingi laust eftir kl. 14:00.

Samþykktir 59. Sundþings 2011

Pingskjal nr. 2011 – 08

59. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011 samþykkir fyrirbyggjandi Afreksstefnu SSÍ:

Afreksstefna SSÍ í sundi

Sameiginlegt markmið Sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afreksfólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styðja við einstaklinga og félög þannig að þau geti styrkt sig og unnið að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi. Afreksstefna Sundsambands Íslands er til umfjöllunar á Sundþingum.

Skilgreining afreka í sundiþróttum

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu. SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttta. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi fyrir að takast á við lífið að íþrótttaferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

Bætt aðstaða og skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi. Nánari útlitun á markmiðunum er að finna í almennri stefnu SSÍ.

- a) Sundmiðstöð Íslands verður sett á laggirnar.
- b) Landsliðsþjálfari/landsliðseinvaldur verður ráðinn um leið og fjárhagslegt bolmagn SSÍ leyfir.
 - á meðan ber umsjónarmaður landsliða ábyrgð á afrekslandsliðum SSÍ.
- c) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar og þjálfararáðs SSÍ verða skilgreind.
- d) Stöðþjónusta, ss fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- e) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- f) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samstarfi umsjónarmanns landsliða og þjálfararáðs SSÍ.
- g) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afreksfólks og afreksefna í sundi
- h) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð amk einu sinni á ári.
- i) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekssundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- j) Sett verða skýr mælanleg markmið um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.
 - markmiðin eru sett upp fyrir næstu 10 ár, þau stigmagnast og eru endurskoðuð árlega með hliðsjón af árangri
- k) Fjármögnun SSÍ miðar að því að afrekssundfólk þurfi ekki að greiða með sér til keppni á HM50, EM50, EM25, EMU, Smáþjóðaleika, EYOF og NMU.
- l) Árlega verður kallað til ráðstefnu þjálfara og annarra til að ræða framtíðarmarkmið í afreksmálum.

STEFNA SSÍ

HORFT TIL FRAMTÍÐAR

25. febrúar 2011



MARKMIÐ OG LEIÐIR

FORMÁLI.....	36
INNGANGUR.....	37
Framtíðarsýn.....	37
Mannvirki og önnur aðstaða.....	37
Jafnrétti og siðferði.....	37
Forvarnir.....	38
Verkefni framundan.....	38
Alþjóðlegt samstarf og alþjóðlegt mótahald.....	38
UPPBYGGING SUNDÍÞRÓTTA Á ÍSLANDI	39
Skólasund.....	39
Garpasund.....	39
Sundknattleikur.....	39
Víðavatnssund (Sjósund).....	39
Dýfingar og sundfimi.....	40
SUNDKEPPNI OG AFREKSSTARF	40
Afreksstefna SSÍ.....	40
Landslið/landslíðshópar.....	46
ÝMISLEGT TIL UMRÆÐU OG VINNSLU Error! Bookmark not defined	
Heilsa og heilbrigði.....	Error! Bookmark not defined.
Fræðsla.....	Error! Bookmark not defined.
Stoðþjónusta.....	Error! Bookmark not defined.
Lyfjamál og forvarnir.....	Error! Bookmark not defined.
Andleg og félagsleg mál.....	Error! Bookmark not defined.
HLUTVERK SSÍ.....	Error! Bookmark not defined.
HLUTVERK ÍSÍ	Error! Bookmark not defined.
VIÐAUKI – ÖNNUR MÁL.....	Error! Bookmark not defined.
ÍM 25.....	Error! Bookmark not defined.
ÍM 50.....	Error! Bookmark not defined.
Bikarmót.....	Error! Bookmark not defined.
AMÍ.....	Error! Bookmark not defined.
ÝMISLEGT.....	Error! Bookmark not defined.

FORMÁLI

Að stunda sundíþróttir til keppni er mjög agaður lífstíll sem krefst mikillar sjálfstjórnar, andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar og síðast en ekki síst ákvörðunar um að leggja sig fram og ná árangri. Þeir sem stunda sundíþróttir til keppni þurfa einnig á góðum og staðföstum stuðningi að halda.

Svo eru þeir sem stunda sundíþróttir sér til ánægju og yndisauka. Það er ekki síður lífsstíll sem er til eftirbreytni. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir SSÍ að setja sér stefnu í öllum sundíþróttum.

Það er gert hér í þessu litla hefti. Aftast er svo niðurstaða ráðstefnu um afreksmál sem SSÍ stóð fyrir í byrjun janúar og afreksstefna SSÍ er byggð á. Afreksstefnan er að þessu sinni sett fram sem sérstakt þingskjal á Sundþingi, en á sér samt sem áður stoð í heildarstefnu SSÍ.

Það er von stjórnar SSÍ að þessi framtíðarsýn geti orðið áttaviti sundhreyfingarinnar til frekari útbreiðslu og afreka en minnir jafnframt á að texti í þessum dúr á að vera lifandi og breytilegur í raunverulegri framkvæmd.

Með kveðju
Fyrir hönd stjórnar SSÍ
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

INNGANGUR

SUNDSAMBAND ÍSLANDS er vettvangur íþróttabandalaga, héraðssambanda, sundfélaga/-deilda og einstaklinga á Íslandi og bakhjarl kennslu og þjálfunar í sundíþróttum.

Starfssemi SSÍ tekur fyrst og fremst til keppnissunds, sem er öflugasta greinin sem stunduð er innan vébanda sambandsins en aðrar sundíþróttir eru þó á verkefnalista þess. Stefna sambandsins miðar einnig að því að þeir sem stunda sundíþróttir geri það sér til heilbrigðis og ánægju.

Sundsamband Íslands er sá aðili að Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands sem fer með æðsta vald og sameiginleg málefni sundhreyfingarinnar í landinu, í samræmi við lög ÍSÍ, SSÍ og samþykktir íþróttá- og sundþinga.

Framtíðarsýn

SSÍ eflir áhuga á sundi, skapar starfssemi sundfélaga traustari grunn og styrkir umgjörð þeirra og **fagmennsku**. SSÍ kemur fram sem málsvari sundíþróttá og vinnur með yfirvöldum og öðrum að því að bæta aðstæður til sundiðkunar. Allir eiga að fá tækifæri til að læra og iðka sundíþróttir sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

SSÍ eflir sundíþróttaiðkun, bæði til keppni en ekki síður meðal almennings. Mótahald sambandsins stuðlar að uppbyggingu sundfólks og frekari kynningu og útbreiðslu á sundíþróttum. Sundíþróttamótum SSÍ er þannig fyrirkomid að íslenskt sundíþróttafólk getur nýtt sér þau til að ná alþjóðlegum árangri.

Mannvirki og önnur aðstaða

Það er mikilvægt að í uppbyggingu fyrir sundíþróttir sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir almenning jafnt sem keppnissund, sundknattleik, sundfimi, dýfingar og víða-vatnssund þar sem það á við. Einnig er mikilvægt að í hverjum landshluta sé aðstaða til að stunda allar sundíþróttir og ekki er síður nauðsynlegt að sundíþróttafélög sem bjóða upp á æfingar og keppni hafi gott aðgengi í þessi mannvirki.

SSÍ vinnur að því í samstarfi við ÍSÍ, ÍBR, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið að þjóðarleikvangur í sundi, Sundmiðstöð Íslands, verði í Laugardalslaug, þó nauðsynlegt sé að dreifa mótahaldi um landið.

Jafnrétti og siðferði

SSÍ eflir stöðugt jafnrétti og jafnræði í öllu skipulagi sínu og vinnur ötullega gegn einelti, útilokun, yfirgangi og kynferðislegri misbeitingu. Innan SSÍ er starfandi Aga- og siðanefnd sem fylgist vel með og tekur upp mál ef nauðsyn ber til. Þá hafa aga- og siðareglur Sundsambands Íslands verið í gildi um hríð.

Forvarnir

SSÍ vinnur samkvæmt því að heilbrigður og ábyrgur lífsstíll sé hluti af iðkun íþróttar. Innan SSÍ er virk forvarnarstefna gegn lyfjamisnotkun og notkun ávana- og fíkniefna og sambandið nýtir sér fræðslu og efni frá Íþróttar- og Ólympíusambandi Íslands í því sambandi.

Verkefni

SSÍ útfærir stefnu fyrir allar sundíþróttir, frá ungbarnasundi og sundkennslu að skólasundi og grunnþjálfun sundmanna, þjálfun aldursflokka, mótahaldi og skipulagi landsliða SSÍ. SSÍ hvetur og styður menntamálayfirvöld til að fylgja fast eftir ákvæðum námskrár grunnskóla um sundkennslu og sveitarfélög til að koma upp viðunandi aðstöðu til sundkennslu á sínu svæði. Um leið sækir SSÍ stuðning til almennings. Fólk á öllum aldri hefur ávinning af því að stunda sund til heilbrigðis og ánægju alla ævi og styður með því við uppbyggingu fyrir keppni.

SSÍ vinnur að því að bæta stöðu íslenskra sundíþróttarinnar innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og á Norðurlandamótum, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Evrópumeistaramótum, Heimsmeistaramótum, Smáþjóðaleikum og Ólympíuleikum.

Heimasíða sambandsins <http://www.sundsamband.is> er tæki til að ná til almennings en hún eflist með hverju ári sem líður. SSÍ á reglubundið samstarf við fjölmiðla og leggur sig fram um að koma upplýsingum um sundíþróttir til íþróttafréttamanna jafnóðum og þær verða til.

SSÍ rekur skrifstofu sem veitir sundfélögum þjónustu, upplýsingar og sinnir formlegum skipulagsmálum sundíþróttarinnar en auk þess sjá starfsmenn SSÍ um að framkvæma stefnu SSÍ og ákvarðanir stjórnar. SSÍ menntar og þjálfar fólk til að framkvæma sundmót og framfylgja gildandi reglum FINA.

Starf SSÍ miðar að fagmennsku í öllu starfi og útbýr leiðbeiningar til að tryggja samræmi og samfellu í starfi.

Stjórn SSÍ kynnir reglur FINA og breytingar á þeim.

Alþjóðlegt samstarf og alþjóðlegt mótahald

Það er stefna SSÍ að eiga aðild að nefndum og stjórnnum NSF, LEN og FINA og tekur við formennsku í NSF árið 2014. SSÍ á fulltrúa í sundtækninefnd LEN og hefur gott samstarf við aðrar Evrópuþjóðir um fulltrúa í nefndir og stjórnir LEN og FINA og sækist eftir fleiri sætum í nefndum LEN og FINA.

SSÍ heldur ársþing LEN árið 2011. Þá mun SSÍ sækja um að halda EMU og EM 25 á næstu árum.

UPPBYGGING SUNDÍPRÓTTA Á ÍSLANDI

Skólasund

Sundkennsla í skólum er hluti af almennu grunnskólanámi á Íslandi. SSÍ stendur á hverju ári fyrir grunnskólamóti í sundi í samstarfi við sundkennara á Íslandi. Mikilvægt er að slík mót verði fastur liður í starfi grunnskóla auk þess sem við það myndast tækifæri til að kynna aðrar greinar sundíþróttar í skólum landsins. Þá er mikilvægt að kynna sundknattleik í grunnskólum landsins.

Garpasund

SSÍ stuðlar að því að Garpar hafi/fái aðstöðu til þjálfunar með fagfólki og geti þannig náð betri árangri og uppfyllt markmið sín. Garpanefnd er starfrækt innan SSÍ sem fer með málefni Garpa og vinnur að þeirra málum í samstarfi við stjórn SSÍ. Sund er afar góð íþrótt til að þroskast með og eflir einstaklinginn til dáða í námi, einkalífi og á vinnumarkaði. Garpasund hefur verið virk grein innan SSÍ undanfarin ár og SSÍ stefnir að því að almenningur í laugum landsins fái fræðslu og upplýsingar um garpasund.

Sundknattleikur

Sundfélög og deildir landsins þurfa að fá fræðslu og aðstoð við að byggja upp sundknattleik innan sinna raða. SSÍ hefur haft forgöngu um samstarf við önnur sérsambönd innan ÍSÍ til dæmis Handknattleikssamband Íslands til að gera sundknattleik hærra undir höfði. Vísir að slíkri samvinnu er til staðar en vonir standa til að hún verði meiri og markvissari. Einnig er nauðsynlegt að þeir sem stunda þessa íþrótt nú þegar komi að þessu starfi með virkum hætti.

Víða-vatnssund (Sjósund)

Þeim fjölgar stöðugt sem stunda sund eða böð, hvort sem er í sjó eða vötnum, og slík iðkun verður skipulagður hluti af starfi sundfélaga og SSÍ í nánustu framtíð. Það er líklegt að hin mikla aukning sem hefur orðið í víða-vatnssundi geti orðið til þess að erlent sundfólk og fólk í ævintýraleit muni vilja skrá nöfn sín í sögu víða-vatnssunds við og á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að öryggi sé tryggt og það sé á hreinu hvaða aðili hafi með ákveðnar sundleiðir að gera. Slys við þær aðstæður að öryggi sé óhugað og enginn sem ber lágmarksábyrgð á að upplýsa og halda utan um slík mál verður okkur skaðlegt.

Sundsamband Íslands setur reglur um lágmarksöryggi á ákveðnum sundleiðum og gefur út viðurkenningar fyrir slík sund. Einnig styður SSÍ við bakið á einstaklingum og félögum sem berjast fyrir bættri aðstöðu til sundiðkunar víða um vötn.

Sérstök nefnd er nú starfandi innan SSÍ og gerir áætlanir um keppni innanlands sem utan.

Dýfingar og sundfimi

SSÍ leitar samstarfs við Fimleikasamband Íslands og Frjálsíþróttasamband Íslands þegar kemur að dýfingum og sundfimi. Þá er þegar hafin undirbúningur að því að fá bættu aðstöðu til að stunda sundfimi og dýfingar.

Dýfinganevnd hefur verið stofnuð og þegar hafnar reglubundnar æfingar í dýfingum. Sundíþróttanevnd SSÍ hefur málefni sundfimi á sinni könnu og undirbýr stofnun sundfiminevndar SSÍ. Þá kynnir nefndin greinina ásamt reglum FINA fyrir sundfélögum þannig að hún geti orðið hluti af æfingaáætlunum sundfélaga.

SUNDKEPPNI OG AFREKSSTARF

Sundkeppni

SSÍ styður við markvissa uppbyggingu sundfólks í samvinnu við sundfélög og deildir á Íslandi.

SSÍ byggir upp erlend og innlend tengsl fyrir efnilegasta og besta sundfólk Íslands til þess að auka fjölbreytni og gæði æfinga og auka líkur á því að sundfólk endist lengur í íþrótt sinni.

Á sama hátt vinnur SSÍ að því að skapa þjálfurum tækifæri til að öðlast reynslu á erlendum vettvangi til að auka hæfni þeirra í þjálfun á afrekssundfólki.

Afreksstefna SSÍ

Sundsamband Íslands stefnir að mun betri árangri á erlendum vettvangi og að fleiri einstaklingar komist lengra í alþjóðlegri keppni.

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afrekssfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afrekssfólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sandsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi.

Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

Sundsamband Íslands setur landsliðshópum markmið og viðmið. Líta ber til vilja sundþings og niðurstöðu árlegrar þjálfararáðstefnu þegar markmið og viðmið eru endurskoðuð. Í þessu felst að gera þarf kröfur á sundfólkið, meiri kröfur og staðfastari en nú. Sundfólkið á að setja sér markmið og áætlun um hvernig hægt er að ná þeim. Þjálfararáð SSÍ aðstoðar sundfólkið og félagsþjálfarana í þessari vinnu.

Ýmsir í sundhreyfingunni telja að meðalmennska í kröfum til sundfólks hafi verið of ríkjandi á Íslandi undanfarin ár. Það þurfi að leita leiða til að hvetja sundfólkið okkar áfram. Sundhreyfingin hefur fagnað góðum árangri hér heima án þess að það hafi skilað okkur áleiðis á alþjóðlegum mælikvarða. Undanfarin ár höfum við færst fjær því að vera meðal hinna bestu. Margar leiðir hafa verið viðraðar eins og að setja erfiðari lágmörk, breyta viðhorfum, vera óspar á hrós við þá sem það eiga, gera athugasemdir við slakan árangur og láta vita ef árangur er fullnægjandi. Það þarf að skilgreina árangur og skýra. Allt þetta er gerlegt, en tekur tíma. Við þurfum því að taka ákvörðun um hvert við stefnum og halda stefnunni.

Við þurfum að setja okkur mörk og ákveða hvað okkur finnst ásættanlegt. Við þurfum einnig að gæta þess að við séum öll upplýst um markmiðin og hvaða leið við ætlum að feta. Markmiðin þurfa að vera raunhæf og hvetjandi þannig að sundfólkinu fái þá vissu að þau náist. Í áætlun þarf að vera ljóst hvaða árangri er hægt að ná á hverju ári. Ef gerðar eru raunhæfar kröfur til sundfólksins mun það bregðast við með því að ná góðum árangri.

Markmið í alþjóðlegri keppni á að vera að minnsta kosti betri tími en besti tími sundmannsins var fyrir keppni. Þjálfararáð SSÍ hefur umsjón með markmiðssetningunni og annað fagfólk, svo sem félagsþjálfarar vinna með ráðinu í því og hvetja sundfólkið áfram. Hvert sundtímabil hefst með ráðstefnu þjálfara þar sem tímabilið á undan er gert upp og markmið komandi sundárs kynnt. Listi yfir árangurinn er birtur við það tækifæri. Á þessari ráðstefnu er því lýst hvers við getum vænst á komandi sundtímabili og hvað væri það lakasta sem við getum sætt okkur við.

Samningar við sundfólkið eru mjög mikilvægir þar sem væntanlegum árangri er lýst. Þannig verður sundfólkið meðvitaðra um eigin ábyrgð gagnvart íþróttinni.

Félagsþjálfarinn heldur utan um þjálfun afrekseinstaklings í samráði við þjálfararáð SSÍ. Þessir aðilar kalla til annað fagfólk í uppbyggingu sundfólksins. Fjölskylda, sundfélag, þjálfarar, þjálfararáð, SSÍ og ÍSÍ skapa umhverfi afrekfólksins og gæta þess að það sé í jafnvægi.

Mælanleg markmið til 2020

Hægt er að mæla hversu margir íslenskir sundmenn er meðal 100 bestu í heiminum, hversu margir í meðal 50 bestu, 30 bestu, 20 bestu og 10 bestu. Einnig er hægt að nota Evrópulista til hins sama. Slík viðmið eiga fyrst og fremst að vera úr löngu brautinni en þó er rétt að halda slíkt bókhald úr stuttu brautinni, bæði til samanburðar en ekki síður til að hvetja sundfólkið. Þá er auðvelt að mæla hverjir og hversu margir komast í úrslit á mótum erlendis og á verðlaunapall d. á EM og HM. Frekari mælanleg markmið gætu verið fjöldi sundmanna með A lágmörk á ÓL og hversu margir ná í úrslit á ÓL. Þá má ekki gleyma því að lágmarksárangur til þátttöku á Ólympíuleikum ætti að vera betri en á Heimsmeistaramót og Evrópumeistaramót.

Mælanleg einstaklingsmarkmið eru til að mynda bæting á besta tíma á alþjóðlegum stórmótum, eða í minnsta kosti bæting á besta tíma yfirstandandi tímabils. Við Íslendingar erum umtöluð fyrir agað mótahald og höfum gott orð á okkur þegar kemur að alþjóðlegum mótum hér heima. Því er rétt að nota aðeins tíma sem nást á viðurkenndum alþjóðlegum mótum þegar þessi markmið eru gerð upp, hvort sem er alþjóðlegum mótum hér heima, erlendis eða á heimsmeistaramótum, Evrópumeistaramótum og Ólympíuleikum.

Þegar við setjum markmið fyrir afreksefnin (unglingana) er best að nota sömu hugmyndafræði. Það er nauðsynlegt að nota tölfræði af unglingsmeistaramótum fyrri ára þegar lágörk eru reiknuð fyrir afreksefnin til að fá einhvers konar yfirsýn yfir þróun.

SSÍ sér til þess að afrekaskrá sé viðhaldið og uppfærð á reglubundinn hátt. Gera á samning við Swimrankings þar sem gott aðgengi er á upplýsingum aftur í tímann sem skiptir máli við skipulagningu á afreksstarfi. Það hefur einnig hvetjandi áhrif fyrir sundfólkið að fylgjast með hvernig það raðast á alþjóðlega lista með tíma sína.

Góð samskipti við fjölmiðla skipta einnig máli því það er til lítills að setja markmið ef þau vekja ekki áhuga þeirra sem eiga að fylgjast með. Þess vegna er mikilvægt að tengja saman mótadagskrá SSÍ og markmiðssetningu SSÍ og sundfólksins við mögulega fjölmiðlaumfjöllun.

Skilgreining afreka í sundi

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná

langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttá. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi að takast á við lífið að íþróttáferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

Bætt aðstaða og skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi.

m) Sundmiðstöð Íslands verður sett á laggirnar.

- Markmiðið með því er að sund eigi fastan samastað við bestu aðstæður. Þar fer fram afreksþjálfun og æfingabúðir og boðið upp á fræðsludagskrá fyrir þjálfara, sundfólk og aðra sem koma verki.

n) Landsliðsþjálfari/landsliðsnefndarverður ráðinn um leið og fjárhagslegt bolmagn SSÍ leyfir.

- á meðan ber umsjónarmaður landsliða ábyrgð á afrekslandsliði ásamt þjálfararáði SSÍ. Umsjónarmaður landsliða leiðir nefndina og sér um framkvæmd einstakra mála í samstarfi við annað starfsfólk SSÍ.
- Þjálfararáð SSÍ er skipað 2 reynslumiklum þjálfurum sem eiga sundfólk í landsliðsverkefnum. Þeir hafa mesta reynslu af vinnu með sundfólki í fremstu röð, setja markmið, ákveða mótadagskrá SSÍ og setja viðmiðunarreglur fyrir félög.
- Þjálfararáð aðstoðar og miðlar þekkingu sinni og reynslu til annarra félagsþjálfara.

o) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar og þjálfararáðs SSÍ verða skilgreind á ný.

- Stjórn SSÍ mun nýta tímann fram á vor 2011 til að endurskilgreina hlutverk landsliðsnefndar og samræma það störfum þjálfararáðs.
- p) Stoðþjónusta, svo sem fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- Þar getum við nýtt okkur þjónustu ÍSÍ og einnig náð samstarfi við önnur sérsambönd um þessi mál.
- q) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- ásamt keppendum í komandi móti eru afreksefni kölluð til þátttöku í æfingabúðum.
 - Landslið í sundi er sá hópur sem nær settum lágmörkum eða viðmiðum inn á alþjóðleg mót. Þátttaka í landsliði krefst undirbúnings undir keppni á alþjóðlegum vettvangi.
 - Settir verða á laggirnar þjálfunarhópar fyrir þá sem ekki hafa náð tilskyldum árangri, d. unglunga eða aldursflokkahópar. Þessir hópar fá æfingabúðir með afrekslandsliði. Markmiðið er að koma í veg fyrir brottfall sundfólks úr íþróttinni. SSÍ mun skipuleggja æfingabúðir innan lands og einnig utan lands d háfjallabúðir.
- r) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við þjálfararáð SSÍ.
- Nauðsynlegt er að sundfólk sem er í eða á möguleika á að vera í landsliði haldi áfram þjálfun þegar meginverkefnum vetrarins lýkur. Þess vegna mun SSÍ skipuleggja sumarþjálfun í Sundmiðstöð Íslands í samráði við þjálfararáð SSÍ.
- s) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afreksfólks og afreksefna í sundi
- t) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð ak. einu sinni á ári.
- Þarna eru framkvæmdastjóri og starfsmaður SSÍ í lykilhlutverki að safna þessum upplýsingum saman og bera þær við áætlanir sem settar hafa verið fram. Það er betra að breyta áætlunum í tíma ef sýnt þykir að markmiðin hafi verið of háleit eða óraunhæf. Slíkar breytingar á að jafnaði ekki að gera eftir á.
- u) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekssundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- Reglubundið samráð og umræða um hvert er stefnt er nauðsynleg. Þannig reynum við að tryggja að allir séu að toga í sömu átt.

v) Sett verða skýr mælanleg markmið d um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

- markmiðin eru sett upp fyrir næstu 10 ár, þau stigmagnast og eru endurskoðuð árlega með hliðsjón af árangri

w) Fjármögnun SSÍ

- Það skiptir miklu máli að sundfólkið nái að einbeita sér að keppninni án þess að álag vegna eigin fjármögnunar bætist við. Hins vegar er ljóst að landsliðsfólk og afreksefni þurfa að taka þátt í fjáröflunarverkefnum sambandsins.

Landsliðseinvaldur/Þjálfararáð SSÍ/Landsliðsnefnd SSÍ

Landsliðsþjálfari er ekki félagsþjálfari á sama tíma. Fjárhagsleg staða SSÍ árið 2010 býður ekki upp á að ráðinn verði landsliðsþjálfari/landsliðseinvaldur til sambandsins. Þó er nauðsynlegt fyrir SSÍ að hafa slíkan aðila við störf sem vinnur stöðugt með félagsliðum um allt landið. Landsliðsþjálfari þarf að vinna með teymi fagaðila, lækna, sjúkraþjálfara, sálfræðinga, næringarráðgjafa o.fl. bæði innan vébanda ÍSÍ og einnig að eigin frumkvæði. Landsliðsþjálfari mótar landsliðs- og afreksstefnu SSÍ og getur einnig verið tengiliður sundhreyfingarinnar inn í skólakerfið.

Landsliðseinvaldur er fyrst og fremst stjórnandi verkefna og hefur yfirsýn yfir áætlanir og markmið afreksfólks í sundi og afreksefna. Hann stýrir þjálfun landsliðshópa í æfingabúðum og á þeim tímum sem félög landsliðsfólks halda ekki úti æfingum. Landsliðseinvaldur er einnig tengiliður SSÍ við félög og keppendur.

Á meðan landsliðseinvaldur er ekki ráðinn fer þjálfararáð SSÍ (National Coaches Committee) með verkefni hans. Í þjálfararáð SSÍ eru skipaðir þrír afreksþjálfarar sem hafa mesta reynslu af vinnu með afrekssundfólki og framkvæmdastjóri SSÍ. Þjálfararnir fara þá með fagleg mál afreksstefnunnar og samskipti við aðra þjálfara, sundfólk og félög eftir atvikum en framkvæmdastjóri kemur verkefnum í framkvæmd og hefur eftirlit með að áætlanir SSÍ og landsliða standist. Þjálfararáð setur markmið, e. lágmark og viðmiðanir, ákvarða verkefni afrekssundfólksins í samráði við félagsþjálfara, gera tillögur um mótadagskrá og þátttöku í alþjóðlegum verkefnum. Þá á ráðið að setja upp viðmið fyrir félög um leið og það setur markmið fyrir landslið Íslands í sundi bæði til skamms tíma og ekki síður til lengri tíma. Þjálfararáð gerir kröfur um árangur sundfólksins, fylgir eftir áætlunum þess og lítur eftir að markmið og áætlanir náist og séu raunhæfar. Það gerir ráðið til dæmis með því að miðla sérfræðipækkingu sinni til félagsþjálfara. Þjálfararáð SSÍ starfar fyrst og fremst á ábyrgð stjórnar SSÍ og skilar reglulega skýrslu um störf sín.

Landsliðsnefnd verður áfram starfandi. Stjórn SSÍ og núverandi nefnd munu endurskoða og fastsetja hlutverk hennar.

Sundmiðstöð Íslands (National Training Centre)

Sundmiðstöð Íslands verður formlega sett á laggirnar. Meginverkefni Sundmiðstöðvarinnar er uppbygging sundíþróttar á Íslandi. Fyrst í stað nýtist hún afreksstarfinu í keppnissundi mest. Afreksþjálfarar geta þar fundið vettvang fyrir fundi, fræðslu og samstarf og þannig verður til miðstöð þekkingar í afreksþjálfun. Sundfólkið, bæði afreksfólkið og afreksefnin, fá vettvang í Sundmiðstöðinni til fræðslu og menntunnar, uppbyggingar og þjálfunar auk þess sem miðstöðin verður aðalaðstaða SSÍ til undirbúnings fyrir alþjóðleg mót.

Landslið/landsliðshópar

Landsliðið í sundi er hver sá hópur afreksfólks/afreksefna sem nær settum lágmarkum til að ná á alþjóðleg mót og keppnishópar verða skipulagðir í tengslum við erlend keppnisverkefni. Settar verða upp æfingabúðir áður en haldið er utan til keppni og öðrum afreksefnum boðið að æfa með þeim sem eru að fara á mót erlendis.

Þjálfunarhópar, t.d. unglingshópar, aldursflokkahópar o.s.frv. eru hópar þar sem afreksefnin hafa ekki náð settum lágmarkum á alþjóðleg mót.

Mjög mikilvægt er að koma á virkum aðgerðum til að minnka brottfall sundfólks. SSÍ er til stuðnings við félagin og hjálpar þeim við það sem þau ekki geta framkvæmt. Áhugavakning er nauðsynleg fyrir sundfólk og SSÍ er lykilaðili í að skipuleggja fræðslu og uppörvun fyrir afrekssundfólkið og afreksefnin.

Það á ábyrgð félagann að skila frá sér góðu sundfólki en það er á ábyrgð SSÍ að samhæfa starfið og halda utan um áætlanir og framkvæmd.

59. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011
samþykkir fjárhagsáætlun SSÍ 2011

Fjárhagsáætlun SSÍ 2011 og rauntölur 2010		
	2011	Raunt 2010
TEKJUR:		
1 Framlög og styrkir		
Framlög + styrkir alls	22.023.000	14.885.553
2 Tekjur af mótum		
Tekjur af mótum alls	7.425.000	7.101.552
3 Auglýsingatekjur		
Auglýsingatekjur alls	0	0
4 Aðrar tekjur		
Aðrar tekjur alls	10.963.000	4.630.028
TEKJUR ALLS:	40.411.000	26.617.133
GJÖLD:		
5 Laun og verktakagr		
Laun og verktakagr alls	7.500.000	6.755.379
6 Ýmis gjöld v/ SSÍ (starfsf, ferðir ofl)		
Ýmis gjöld v/ SSÍ (starfsf, ferðir ofl) alls	780.000	567.809
7 Áhöld og tæki		
Áhöld og tæki alls	1.077.000	2.162.830
8 Undirbúningur landsliða		
Undirbúningur landsliða alls	6.905.000	16.044
9 Mótakostn erlendis		
Mótakostn erlendis alls	17.325.000	8.867.868
9 Kostn v/mótahalds		
Kostn v/mótahalds alls	1.130.000	1.792.299

10 Rekstur mannvirkja		
Rekstur mannvirkja alls	308.000	255.828
11 Rekstur skrifstofu		
Rekstur skrifstofu alls	3.008.000	3.055.550
12 Kynning, fræðsla og útbreiðsla		
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	1.205.000	1.799.365
13 Önnur gjöld		
Önnur gjöld alls	90.000	97.276
14 Annar kostnaður		
Annar kostnaður alls	1.030.000	814.020
REKSTRARGÖLD ALLS:	40.358.000	26.184.268
TAP / HAGNAÐUR	53.000	432.865

Þingskjal nr. 2011 – 06 Þjónustugjöld

59. Þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011 samþykkir að þjónustugjöld 2011 fyrir keppnissundfólk skuli vera óbreytt, iðkendagjald kr. 1000,00, keppnisgjald kr.2500,00 og keppnisjald á SSÍ mótum kr. 4000,00 Iðkendahluti þjónustugjalda fyrir garpa er greiddur af félögunum, en að auki greiða garpar svokölluð stungugjöld á garpamótum, kr. 1000,00 pr grein á árinu 2011 að hámarki kr. 4000,00. Garpur sem syndir boðsund er gjaldfrír í boðsundi hafi hann greitt fyrir einstaklingsgrein. Stungugjöld garpa skulu greidd fyrirfram og eru óafturkræf. Greiða skal iðkendahluta þjónustugjalda fyrir þá sem stunda sundknattleik og dýfingar að því tilskyldu að þeir séu ekki einnig skráðir í keppnisund. Stjórn SSÍ er falið að ákvarða gjald fyrir þátttöku í Íslandsmótinu í Víðavatnssundi. Þá skal stjórn SSÍ innheimta sérstakt gjald fyrir þá sem synda einstakar leiðir í Víðavatnssundi.

Pingskjal nr. 2011 – 09 Atburðadagatal

2011-
2012

Ágúst		September		Október		Nóvember			
1	M	FRÍDAGUR VERZLUNARM	1	F	1	L	TYR mót /Egis/Ármann	1	Þ
2	Þ		2	F	2	S	TYR mót /Egis/Ármann	2	M
3	M		3	L	3	M		3	F
4	F		4	S	4	Þ		4	F
5	F		5	M	5	M		5	L
6	L		6	Þ	6	F		6	S
7	S		7	M	7	F		7	M
8	M		8	F	8	L	Ísland vs Færeyjar	8	Þ
9	Þ		9	F	9	S		9	M
10	M		10	L	10	M		10	F
11	F		11	S	11	Þ		11	F
12	F		12	M	12	M		12	L
13	L		13	Þ	13	F		13	S
14	S		14	M	14	F		14	M
15	M		15	F	15	L		15	Þ
16	Þ	Sundárið hefst	16	F	16	S		16	M
17	M		17	L	17	M	Sprengimót Óðins	17	F
18	F		18	S	18	Þ	Sprengimót Óðins	18	F
19	F		19	M	19	M		19	L
20	L		20	Þ	20	F		20	S
21	S		21	M	21	F	Stórmót SH	21	M
22	M		22	F	22	L	Stórmót SH	22	Þ
23	Þ		23	F	23	S	Stórmót SH	23	M
24	M		24	L	24	M		24	F
25	F		25	S	25	Þ		25	F
26	F		26	M	26	M		26	L
27	L		27	Þ	27	F		27	S
28	S		28	M	28	F		28	M
29	M		29	F	29	L		29	Þ
30	Þ		30	F	30	S	TYR mót /Egis/Ármann	30	M
31	M				31	M			

2012

Mars		Apríl		Maí		Júní			
1	F		1	S	1	Þ	FRÍDAGUR VERKALÝÐSINS	1	F
2	F		2	M	2	M		2	L
3	L	Vormót Fjölís	3	Þ	3	F		3	S
4	S	Vormót Fjölís	4	M	4	F	Garpamót SSÍ	4	M
5	M		5	F	5	L	Garpamót SSÍ	5	Þ
6	Þ		6	F	6	S	FÖSTUDAGURINN LANGI	6	M
7	M		7	L	7	M		7	F
8	F		8	S	8	Þ	PÁSKADAGUR	8	F
9	F		9	M	9	M	ANNAR Í PÁSKUM	9	L

10	L	NCAA 2° Div	10	Þ		10	F		10	S	Mare /Ollamót Fölnis
11	S	NCAA 2° Div	11	M		11	F		11	M	
12	M		12	F	ÍM50	12	L		12	Þ	
13	Þ		13	F	ÍM50	13	S		13	M	
14	M		14	L	ÍM50	14	M		14	F	
15	F		15	S	ÍM50	15	Þ		15	F	
16	F		16	M		16	M		16	L	
17	L	NCAA 1° (ÍF 50)	17	Þ		17	F		17	S	ÞJÓHÁTÍÐARDAGURNN
18	S	NCAA 1° (ÍF 50)	18	M		18	F	Sparisjóðamót ÍRB	18	M	
19	M		19	F	Sumardagurinn fyrsti	19	L	Sparisjóðamót ÍRB	19	Þ	
20	Þ		20	F		20	S	Sparisjóðamót ÍRB	20	M	
21	M		21	L		21	M		21	F	AMÍ
22	F		22	S		22	Þ		22	F	AMÍ
23	F		23	M		23	M		23	L	AMÍ
24	L	Vormót Ármanns	24	Þ		24	F		24	S	AMÍ
25	S	Vormót Ármanns	25	M	EM50	25	F		25	M	
26	M		26	F	EM50	26	L	IIGLA	26	Þ	
27	Þ		27	F	EM50	27	S	IIGLA	27	M	
28	M		28	L	EM50	28	M	IIGLA	28	F	
29	F		29	S	EM50	29	Þ	IIGLA	29	F	
30	F		30	M		30	M	IIGLA	30	L	
31	L					31	F	IIGLA			

Þingskjal nr. 2011 – 10 Handbók SSÍ 2011

59. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011 samþykkir meðfylgjandi Handbók SSÍ og felur stjórn SSÍ að uppfæra hana og viðhalda eftir þörfum.

Þingskjal nr. 2011 – 11 Lagabreyting

59. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011 samþykkir að Sundþing skuli haldið annað hvert ár á oddatöluári. Þau ár sem sundþing er ekki haldið skal kalla til formannafunda í febrúar eða mars. 5. grein laga SSÍ myndi þá hljóða svo (ekki er þörf að breyta öðrum lagagreinum vegna þessa):

5. grein

Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga sem eiga aðild að SSÍ. Fjöldi fulltrúa sambandsaðila reiknast miðað við að hann eigi skráða iðkendur í sundíþróttum, fjölda virkra keppenda í einstaklingsgreinum og fjölda keppenda í sundknattleik, við næstu áramót fyrir sundþing.

Hver sambandsaðili senda einn fulltrúa á sundþing. Að auki á sambandsaðili rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka keppendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 keppendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það.

Sundþing skal haldið **annað hvert ár á oddatöluári** ~~á hverju ári~~, jafnan í febrúar eða mars. Stjórn SSÍ boðar og staðfestir staðsetningu og fyrirkomulag sundþings með minnst 6 vikna fyrirvara.

Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmæt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ.

Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt er að halda sundþing á sömu dögum og íþróttþing eða formannafundur ÍSÍ fara fram.

Pau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar í febrúar.

Greinargerð

Fyrir nokkrum árum hófum við breytingar á lögum SSÍ með það að markmiði að vernda þekkingu og auka ábyrgð stjórnar SSÍ.

Það var ma gert með því að stjórnarfolk er kosið til 4 ára í senn og einungis helmingurinn í einu. Formaður er kjörin árið eftir Ólympíuleika.

Í framhaldinu var áætlað að kalla til sundþings annað hvert ár og fylgja fordæmi ÍSÍ og fjölda annarra sérsambanda innan ÍSÍ.

Þetta er hugsað til einföldunar og sparnaðar fyrir hreyfinguna, þar sem upplýsingagjöf er mun opnari og auðveldari en var á árum áður og aðgangur að stjórn og starfsfólki hefur batnað gífurlega með tilkomu internetsins.

Samskipti okkar í sundhreyfingunni eru líka mjög mikil flesta mánuði ársins þannig lítil hætta er á því að stjórn SSÍ einangrist frá hreyfingunni með þessari breytingu. Einnig má benda á það að lítið mál er fyrir sambandsaðila að kalla til aukasundþings ef þær aðstæður koma upp.

Með þessari tillögu er ætlunin að ljúka því verki sem við hófum fyrir fimm árum, er það við hæfi á afmælisári SSÍ.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt að því tilskyldu að breyting á 9 grein laga SSÍ verði samþykkt jafnframt.

Þingskjal nr. 2011 – 12 Breyting á reglugerð

59. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011 samþykkir að gera eftirfarandi breytingar á reglugerð um Víðavatnssund:

5. Grein

Til að fá viðurkenningu að sundi loknu undirritar sundmaður yfirlýsingu um lok sunds ásamt fylgdarmanni sínum og einum votti og sendir til SSÍ.

Á viðurkenningarskjali skal tilgreina sundleið, tíma sundsins og útbúnað sundmanns. Ef sundmaður hefur synt án smurningar og eingöngu í leyfilegum sundfatnaði **úr óhitaeinangrandi efnum** ~~samkvæmt reglum FINA~~ skal geta þess á viðurkenningarskjali, enda kemur slíkt fram á yfirlýsingu viðkomandi. SSÍ varðveitir skrá yfir þá sem hljóta viðurkenningar.

Stjórn SSÍ er heimilt að veita sérstakar viðurkenningar vegna;

- a) Sérstakra afreka
- b) Drangeyjarsunds

- c) Hraðamet kvenna eða karla á ákveðinni sundleið.
 - d) Elsti einstaklingur kvenna og karla á ákveðinni sundleið.
- enda komi ábendingar þar um til SSÍ.

6. grein

SSÍ gefur út amk einu sinni á ári lista yfir þær sundleiðir sem það viðurkennir. Þær eru nú:

- a) **Akranessund**, frá Selsvör við Ánanaust og að Teigavör eða Langasandi á Akranesi og öfugt
- b) **Bessastaðasund**, frá Skildingarnesi og að Eyri við Álftanes og öfugt
- c) **Drangeyjarsund**, um tvær sundleiðir er að ræða. Sú fyrri er úr Drangeyjarfjöru og að landi við Reykjadisk og öfugt. Þessi leið er u.þ.b. 6,5 km löng. Sú síðari er úr Uppgönguvíkinni og að landi við Reykjadisk og öfugt, leið sem er u.þ.b. 7,3 km að lengd.
- d) **Engeyjarsund**, úr Engey og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurbhöfn og öfugt
- e) **Hríseyjarsund**, tvær sundleiðir. Annars vegar úr Hrísey að Dalvík og öfugt og hinsvegar úr Hrísey og að Árskógssandi og öfugt.
- f) **Hvalfjarðarsund**, frá Leyni rétt ofan við álverið og að Hvalfjarðareyri og öfugt
- g) **Kjalarnessund**, frá Kjalarnesi og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurbhöfn og öfugt
- h) Helgusund**
- i) **Reykjavíkur – Hafnarfjarðarsund**, úr Nauthólsvík og inn í Hafnarfjarðarhöfn og öfugt
- j) **Viðeyjarsund**, úr fjöru við Viðeyjarbryggju og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurbhöfn og öfugt. **Heimilt er að breyta leið ef aðstæður í Reykjavíkurbhöfn eru á þann veg að heilsa sundfólks gæti verið í hættu.**
- k) **Vestmannaeyjarsund**, frá Vestmannaeyjum og að Landeyjum
- l) **Pingvallarsund**, frá Mjóanesoddi og að Riðvíkur og Markatanga

Fleiri sundleiðir koma til greina. Sundmaður sem óskar að sýnda sundleið sem er ekki á listanum og vill fá viðurkenningu SSÍ, sendir inn lýsingu á sundleið ásamt hefðbundinni skráningu. Sundleiðin fer þá á lista SSÍ um leið og stjórn SSÍ hefur staðfest hana. Um Drangeyjarsund gildir einnig reglugerð ÍSÍ um það sund. Um Íslandsmót í víðavatnssundi gildir sérstök reglugerð.

Greinargerð

Nefndin leggur til að þingið vísi þessu til afgreiðslu í stjórn SSÍ og niðurstaða stjórnar fylgi þinggerð.

2. Skýrslur nefnda (3. Fundur laugardaginn 2.apríl 2011)

a. Sundíþróttanefnd – garpar

i. Nefnd hittist á ÍM50

b. Sundíþróttanefnd – víða-vatns-sund

i. Sundþing og verkefni frá SSÍ -> Erindisbréf Sundíþróttarnefndar Víðavatnssund. Gjald vegna víðavatnssunda -> 2000 kr. Heimir greinir frá því að Árni er orðin formaður og hann sjálfur kominn inn í stjórn SSÍ.

- Tillaga frá víða-vatns-sundnefnd um að gjald fyrir skráningu á sundleiðum verði kr. 2000.

Samþykkt

Pingskjal nr. 2011 – 13

59. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011

samþykkir að starfshópi verði falið að skoða hvort taka beri upp sérstaka dómgæslu sem henti börnum sem eru að byrja, og þá eftir hvaða reglum skuli dæmt, þegar verið er að dæma sund í flokkum hnokka og hnáta.

Dýrleif Skjöldal

Greinargerð

ÍSí hefur farið þess á leit við öll sín sérsambönd að öllum börnum yngri en 10 ára séu veitt þátttökuverðlaun og við því hafa öll aðildarfélög SSÍ gengist (þó sum veiti einnig verðlaun fyrir 1. 2. og 3. sæti) og því skýtur það skökku við að þau séu samt dæmd eins og um atvinnumenn sé að ræða á sínum fyrstu mótum. Aðrar íþróttagreinar á Íslandi eru með sérreglur fyrir börn yngri en 10 ára t.d. knattspyrnu, blak, körfubolta og frjálsar íþróttir.

Eðlilegt er að allar reglur sem þau geta hagnast á að brjóta, séu virtar. Þá er einkum horft til þess að dæmt verði fyrir start, snúninga og íkomur í bakka og það hvort börnin eru að synda rétta sundtegund, dragi sig ekki eftir línu eða spyrni frá botni en tæknilegum útfærslum sem bara draga úr hraða þeirra sé slept, t.d. við það þegar þau koma ekki olnbogum upp úr í flugsundi (8.2), kreppa ekki í bringusundi ((7.5), snúningur ekki samfelldur í baksundi (6.4).

Pingskjal nr. 2011 – 14 Lagabreyting

59. þing Sundsambands Íslands haldið í Reykjavík 25. og 26. febrúar 2011 samþykkir eftirfarandi breytingu á 9. grein laga SSÍ.

1. Málsgrein 9 greinar hljóði svo: Aukasundþing má halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar SSÍ eða 5 sambandsaðilar óski þess.

Greinargerð

Greinin hljóðaði svo

9. grein

Aukasundþing má halda, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar SSÍ **eða helmingur sambandsaðila óskar þess**. Boða má til aukasundþings með þriggja vikna fyrirvara. Boðun skal fylgja dagskrá. Fulltrúar á aukasundþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má sambandsaðili tilnefna nýjan fulltrúa í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukasundþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin af einhverjum orsökum orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt sundþing.

Fjárhagsáætlun SSÍ fyrir 2012

Fjárhagsáætlun SSÍ 2012 og rauntölur 2011

TEKJUR:		2012	Raunt 2011
1	Framlög og styrkir		
	Framlög + styrkir alls	19.745.000	
2	Tekjur af mótum		
	Tekjur af mótum alls	7.425.000	
3	Auglýsingatekjur		
	Auglýsingatekjur alls	0	
4	Aðrar tekjur		
	Aðrar tekjur alls	8.842.000	
	TEKJUR ALLS:	36.012.000	0
GJÖLD:			
5	Laun og verktakagr		
	Laun og verktakagr alls	7.500.000	0
6	Ýmis gjöld v/ SSÍ (starfsf, ferðir ofl)		
	Ýmis gjöld v/ SSÍ (starfsf, ferðir ofl) alls	780.000	0
7	Áhöld og tæki		
	Áhöld og tæki alls	477.000	0
8	Undirbúningur landsliða		
	Undirbúningur landsliða alls	6.530.000	0
9	Mótakostn erlendis		
	Mótakostn erlendis alls	13.845.000	0
9	Kostn v/mótahalds		
	Kostn v/mótahalds alls	1.050.000	0
1	0 Rekstur mannvirkja		
	Rekstur mannvirkja alls	308.000	0
1	1 Rekstur skrifstofu		

	Rekstur skrifstofu alls	2.348.000	0
1			
2	Kynning, fræðsla og útbreiðsla		
	Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	1.405.000	0
1			
3	Önnur gjöld		
	Önnur gjöld alls	90.000	0
1			
4	Annar kostnaður		
	Annar kostnaður alls	1.030.000	0
	REKSTRARGÖLD ALLS:	35.363.000	0
	TAP / HAGNAÐUR	649.000	0

Þingritari var Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal úr stjórn SSÍ.
Formaður SSÍ Hörður J. Oddfríðarson, varaformaður SSÍ Hlín Ástþórsdóttir og þingritarar gengu frá þinggerðinni til birtingar. Þinggerðin var lögð fyrir stjórn SSÍ 19. febrúar 2013.

Hörður J. Oddfríðarson
Formaður SSÍ